


VERNDARBLAÐIÐ

UM AFBROT, FANGA OG FANGELSISMÁL

43. árg. 2015



**Stuðningsfélagi eftir afplánun
Fangar með þroskahömlun
Gamlir menn í fangelsi
Raddir fanga
Íslenskar fangelsisbókmenntir**



Verndarblaðið

–Um afbrot, fanga og fangelsismál

43. árg. 2015

Útgefandi:

Félagasamtökin Vernd,
Borgartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 562-3003; fax: 562-3004
Netfang: vernd@vernd.is
Heimasíða Verndar: <http://www.vernd.is>

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hreinn S. Hákonarson

Stjórn Verndar:

Elsa Dóra Grétarsdóttir, sviðsstjóri, formaður
Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir, félagsráðgjafi
Ólafur Þröstur Sveinbjörnsson, kerfisfræðingur
Ragnheiður Elfa Arnardóttir, félagsráðgjafi
Ægir Örn Sigurgeirsson, félagsráðgjafi
Jóna Björg Howard
Jónína Sólberg Þórisdóttir

Húsnefnd áfangaheimilis Verndar

Práinn Bj. Farestveit, framkvæmdastjóri
Brynja Rós Bjarnadóttir, deildarstjóri
Guðjón Sveinsson, forstöðumaður
Ragnheiður Elfa Arnardóttir, félagsráðgjafi
María Steinþórsdóttir, matráðskona
Hreinn S. Hákonarson, fangaprestur

Framkvæmdastjóri:

Práinn Bj. Farestveit

Endurskoðendur:

Birgir Ottósson, forstöðumaður
Arthur K. Farestveit, fyrrv. forstjóri

Umbrot, prentun og bókband:

Litróf

Auglýsingar:

Markaðsmenn

Forsíðumynd:

Litla-Hraun í litum. Myndin er tekin 1963 af Tómasi Jónssyni og birt með leyfi Héraðsskjalasafns Árnessýslu. Gæti verið fyrsta litljósmyndin af Litla-Hrauni. Húsið teiknaði Guðjón Samúelsson (1887-1950), húsameistari ríkisins, sem sjúkrahús. Segja má að annars þetta reisulega hús hafi verið skemmt með viðbyggingum sem teknar voru í notkun 1972 og 1980. Gaman væri að færa það í upprunalegt horf.

FAGNAÐAREFNI

Fyrir nokkru boðaði formaður allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, Unnur Brá Konráðsdóttir, heildarúttekt á fangelsismálum á komandi þingvetri. Taldi hún að fangelsismál þyrfti að ræðar til hlítar og yrði það verkefni vetrarins.

Það er fagnaðarefni þegar málefni fanga og fangelsa eru tekin til umfjöllunar með skipulögðum hætti og í alvöru. Mikilvægt er að vel takist til með heildarendurskoðun á málaflóknum og að sem flestir sem málum þessum eru kunnugir komi þar að. Það á ekki síst við að leitað verði álits hjá föngunum sjálfum og aðstandendum þeirra. Fangarnir einir eru þeir sem hafa reynslu af því að sitja bak við lás og slá og hafa margt um það að segja sem verður að taka tillit til. Hlusta verður af vakandi athygli á sjónarmið þeirra, vega þau og meta af skilningi og umhyggju fyrir þeim og samfélaginu, en ekki að vísa sjónarmiðum þeirra á bug sem hverjum öðrum harमतölum. Fangelsismál eru nefnilega ekki einungis málaflokkur sem snertir samskipti ríkisins og brotamannsins heldur og samskipti fangans við fjölskyldu og samfélag. Hvernig á að búa að föngum svo líklegast sé að þeir nái að fóta sig á nýjan leik úti í samfélaginu?

Það er vonandi öllum ljóst að ekki er nóg að reisa dýrar byggingar utan um fanga sem heita fangelsi. Kjarni málsins er sá að einhver skynsamleg starfsemi verður að fara fram innan veggja þessara húsa ef þau eiga að þjóna samfélaginu að einhverju gagni. Ef ekki er hugsað fyrst um innihaldið og það tryggt þá eru fangelsi nánast eins og hverjir aðrir gámar sem standa á hafnarbakkanum – gámar sem geyma lifandi manneskur. Það viljum við ekki í orði – en hvernig kemur það út á borði?

Mikilvægt er að þeir sem koma að heildarendurskoðun líti ekki gagnrýnislausum augum á núverandi fyrirkomulag því slíkt getur girt fyrir nýjungar og djarfar ákvarðanir. Margar leiðir er hægt að fara þegar skipulag fangelsismála er annars vegar og þær þarf að ræða opinskátt án þess að vera upptekinn við að ná strax fram sameiginlegri niðurstöðu. Opinská umræða kallar nefnilega fram gagnrýnið mat á öllum kostum og ekki síst á þeim sem við lýði eru. Hún dregur líka fram það sem reynst hefur vel – og má kannski bæta enn frekar.

Fangelsiskerfið hefur sterka tilhneigingu til að líta á fangana sem eina hjörð. Það gleymist hins vegar að hver fangi er einstaklingur. Og einstaklingar eru misjafnir – um það þarf ekki að fara mörgum orðum. Sumum einstaklingum er hægt að treysta og öðrum ekki. Mikilvægt er að hugað sé að föngum sem einstaklingum og þeir fái eftir því sem kostur er einstaklingsmiðaða leiðsögn.

Fangelsiskerfið er mjög viðkvæmt í eðli sínu vegna þess að það snýst fyrst og fremst um fólk. Snýst um fanga, brot þeirra og samfélagslegar aðstæður, fórnarlömb hvort heldur þau eru einstaklingar eða einhvers konar hagsmunir, frelsissviptingu og mat á endurgjaldi. Hvað ætlar hið opinbera sér með því að loka menn inni í fangelsum í hátæknivæddum nútímanum? Er markmiðið alltaf ljóst? Telur hið opinbera að það hafi einhverjum skyldum að gegna gagnvart einstaklingi sem hefur verið frelsissviptur um lengri eða skemmri tíma þegar dyr fangelsisins ljúkast upp og frelsið blasir við?

Hér þarf að huga að velferð og sjónarmiðum ýmissa aðila. Málið er ekki einfalt.

Og síðast en ekki síst þá þarf að móta heildarstefnu í málaflóknum.

Heildarendurskoðun á fangelsismálum verður vonandi fyrsta varðan á þeirri leið.



Hreinn S. Hákonarson

STUÐNINGSFÉLAGI EFTIR AFPLÁNUN

Þræðirnir eru margir sem huga þarf að til að tengja fyrrum fanga inn í samfélagið og stuðla þannig að árangursríkri endurkomu í samfélagið að nýju eftir afplánun dóma. Stuðningur gegnir veigamiklu hlutverki allt frá upphafi afplánunar og undirbúningur að endurkomu út í samfélagið þarf í raun að hefjast strax við komu í fangelsi þar sem dómþoli sest niður með félagsráðgjafa til að setja sér markmið með vistinni. Þarfir einstaklinganna eru misjafnar og því nauðsynlegt að marksetningin sé einstaklingsmiðuð með þarfir einstaklinganna í huga.

Upplifunin að losna úr fangelsi er ekki alltaf frelsi og íslenskar rannsóknir hafa sýnt fram á að fangar kvíða fyrir þeim degi er afplánun lýkur, en hafa jafnframt væntingar um öðruvísi líf en þeir áður lifðu (Hildur Hlöðversdóttir, 2015; Valur Bjarnason, 2012). Kvíðinn beinist sérstaklega að óvissu um húsnæðis-, atvinnu- og fjármál, en einnig að félagslega þættinum. Þegar lítil aðstoð er í boði, eins og reyndin virðist hér á landi, reynast lok afplánunar erfiður og tilfinningaþrunginn dagur (Hildur Hlöðversdóttir, 2015).

Nauðsynlegt er að vel sé staðið að endurkomu einstaklinga sem hafa verið aðskildir frá samfélaginu, jafnvel árum saman, og þeir studdir til að mynda ný tengsl þegar út er komið.

Aðlögun að samfélaginu

Í lokaverkefni greinarhöfundar í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands kemur fram að æskilegt er að stuðningsfélagi að lokinni afplánun sé sjálfbóðaliði, þar sem áherslan er lögð á stuðning en ekki eftirlit. Í lok afplánunar upplifa fangar oft óvissu og kvíða, en rannsóknir hafa m.a. sýnt fram á að fyrstu mánuðirnir eftir lok afplánunar skipta höfuðmáli um hvort



Elísabet Kristjánsdóttir

einstaklingurinn nær að fóta sig í samfélagi frjálsra manna. Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á að eftirfylgni eftir að betrunarvist lýkur er bráðnauðsynleg ef meðferð innan fangelsisveggjanna á að hafa langtímaáhrif (Harding, Wyse, Dobson og Morenoff, 2011).

Verkefnið Félagsvinur er ein af þeim fyrirmyndum sem hugmyndin að nýju úrræði Stuðningsfélagi fyrir fanga byggist á. Rauði kross Íslands starfrækir sjálfbóðaverkefnið Félagsvinur sem er ætlað fyrir fjölbreyttan hóp fólks á öllum aldri, meðal annars innflytjendur og börn og unglinga. Markmiðið með félagsvin fyrir innflytjendur er að opna dyr samfélagsins fyrir einstaklinga af erlendum uppruna, rjúfa félagslega einangrun og veita þeim stuðning í daglegu lífi. Auk þess sem félagsvinir vinna að markmiðum innflytjandans t.d. í námi, atvinnu og í persónulegu lífi. Markmiðin eru einstaklingsbundin og hægt að setja þau á margan hátt t.d. að læra á strætóleiðir og tala betri íslensku (Aðalheiður Jónsdóttir, munnleg heimild, 13. apríl 2015; Rauði kross Íslands, e.d.).

Til að vinna að farsælli lausn og endurkomu þarf samstillt átak bæði ríkisstofnana og sveitarfélaga, en ekki síður þarf aðkoma frjálsra félagasamtaka að koma til. Hlutverk hins opinbera er viðtækt og snýr að fjölmörgum þáttum, eins og að tryggja

húsnæði og framfærslu, hvort sem einstaklingurinn er í starfi eða stundar nám að lokinni afplánun. Hlutverk frjálsra félagasamtaka er þó ekki síður mikilvægt, þó það sé annars eðlis, t.d. við að aðstoða fyrrum fanga að koma sér fyrir í nýjum aðstæðum og taka þátt í félagslífi í frístundum.

Stuðningsfélagi eftir afplánun

Eitt af markmiðunum með því að koma á laggirnar sjálfbóðaverkefninu Stuðningsfélagi er að aðstoða fanga við að ná markmiðum sínum á eigin forsendum. Rauði krossinn í Noregi hefur verið í lykilhlutverki við að aðstoða fanga við að koma undir sig fótunum að nýju eftir afplánun í fangelsi og um tíu ára skeið þróað sambærilegt sjálfbóðaverkefni sem nefnist *Nettverk etter soning* (Tengslanet eftir afplánun). Þar hefur sérstaklega verið horft til þess hóps fanga sem hefur ekki sterkt félagslegt net í kringum sig og þarf stuðning við að verða þátttakendur í samfélaginu að nýju. Þannig getur reynst erfið að bera sig eftir aðstoð/þjónustu hins opinbera og einnig hafa margir þurft að yfirgefa fyrri félagsskap til að hefja nýtt líf (Østberg, 2008). Markmiðið með sjálfbóðaverkefninu er að rjúfa félagslega einangrun þeirra sem hafa lokið afplánun í fangelsi og eru að stíga sín fyrstu skref út í lífið aftur. Það byggir á þeim gildum að einmanaleiki og félagsleg einangrun sé löstur á velferðarsamfélaginu sem sjálfbóðaliðar Rauða krossins vilja uppræta með því að standa með þeim sem á því þurfa að halda (Østberg, 2008).

Rannsókn Østberg (2008) á sjálfbóðaverkefninu *Nettverk etter soning* (Tengslanet eftir afplánun) leiddi í ljós að einstaklingarnir sem nýttu sér aðstoð

sjálfboðaliðanna töldu sig hafa komist í samband við aðila sem tengdi þá við mannlegt samfélag og hjálpaði þeim yfir þröskuld sem var grundvallaður á félagsfælni. Margir voru hræddir við að fara inn í nýjar aðstæður þar sem þeim fannst þeir ekki hafa félagslega færni til að takast á við þær, auk þess sem þeir töldu sig öðruvísi en „venjulegt fólk“ þrátt fyrir að þeir óskuðu sér „hefðbundins lífs“. Hlutverk sjálfboðaliðanna er að aðstoða við að byggja upp sjálfstraust til að taka þátt í daglegu lífi og vera þannig nokkurs konar veggur sem hægt er að halla sér að í aðstæðum sem erfitt er að fara inn í (Østberg, 2008). Sjálfboðaliðar aðstoða þátttakendur við að stíga fyrstu skrefin til að ná markmiðum sínum og byggja einnig brýr og búa til tengingu við önnur kerfi þegar sérhæfingin er orðin meiri, t.d. við náms- og starfsráðgjafa, félagsráðgjafa og það sem á við hverju sinni. Hér er hægt að styðjast við áralanga reynslu Rauða krossins í Noregi.

Ný tengsl – nýtt líf

Þrátt fyrir að margir sem nýta sér stuðningsfélag séu að slíta tengsl sín við fyrra tengslanet, og hafi glímt við vímuefnavandamál er tilgangurinn fyrst og fremst að veita þátttakendunum inn-sýn inn í „hefðbundið líf“ sem gerir þeim kleift að mynda ný tengsl þar sem bakgrunnur þeirra er ekki í forgrunni. Einnig kemur þar fram að það væri best gert með því að hengja sig ekki á að þátttakandinn hafi nýlengið afplánun og átt við fíkniefnavandamál að stríða, heldur að hann hafi vilja til að verða hluti af samfélaginu án tillits til þess (Østberg, 2008).

Stimplun og tengslarof leiða oft til þess að einstaklingar sækja í félagsskap annarra sem þeir telja að eins sé ástatt fyrir, sem hafa verið settir á hliðarlínuna í samfélaginu og eykur líkurnar á afbrotahæðun þar sem einstaklingurinn hefur litlu að tapa. Margvíslegar hindranir í samfélaginu eru taldar auka líkur á endurkomum í fangelsi og skipta þar sérstaklega máli fyrstu mánuðir eftir að afplánun lýkur (Hildur Hlökkversdóttir, 2015).

Greinarhöfundur sér fyrir sér mjög



Stuðningsfélagi: Aðstoð á jafningjagrunni unnin á forsendum þátttakandans. Mynd: Rauði krossinn í Ósló.

fjölbreyttan hóp sjálfboðaliða sem hafa ólíkan bakgrunn og með brennandi áhuga á að aðstoða aðra við að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Verkefnið er einnig líklegt til að auka skilning sjálfboðaliða á aðstæðum einstaklinga sem hafa verið settir á hliðarlínu samfélagsins og um leið liður í að minnka háa endurkomutíðni í fangelsi á Íslandi. Gæti að hluta verið samstarfsverkefni á milli Rauða kross Íslands og háskólanna þar sem að nemendur í t.d. félagsráðgjöf, lögfræði og sálfræði fá dýrmæta reynslu og innsýn inn í líf fanga. Verkefnið hæfist á meðan á afplánun stendur, þar sem gerður yrði samningur á milli sjálfboðaliða og þátttakanda, og héldi áfram fyrstu 12 mánuðina eftir að einstaklingurinn snýr aftur út í samfélagið.

Starfandi félagsráðgjafar á þessu sviði myndu veita Rauða krossinum mikilvæga aðstoð við að leiðbeina og undirbúa sjálfboðaliðana undir þetta starf, en félagsráðgjafar hafa hlutverki að gegna við að skipuleggja og veita handleiðslu við sjálfboðastörf (Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997). Mikilvægt væri að það væri einn verkefnastjóri og fastur starfsmaður báðir í fullu starfi sem sjá meðal annars um að para saman sjálfboðaliða og þátttakanda og vera honum og sjálfboðaliða innan handar. Greinarhöfundur ítrekar mikilvægi þess að slíkt verkefni þarf að haldast í hendur

við fjármál, húsnæðis- og atvinnumál.

Stuðningsfélagi gæti því verið einn þáttur sem styður við meðferðar- og vistunaráætlun, sem kveðið er á um í lögum, og einn hluti af því að viðhalda samfelli frá fyrstu komu í fangelsið og eftir að afplánun lýkur þar sem hlutlaus aðili kæmi að málum. Leitast yrði við að sami sjálfboðaliði fylgdi hverjum og einum eftir þá 12 mánuði sem verkefnið stendur yfir.

Reynslan erlendis góð

Góð reynsla er komin á sjálfboðaverkefni tengslanet eftir afplánun hjá Rauða krossinum í Ósló, enda 10 ár síðan því var komið á laggirnar og er nú liður í áætlun yfirvalda til að fækka endurkomum í fangelsi. Í forgrunni eru þarfir og óskir þátttakenda á þeirra forsendum, enda ekki meðferð heldur stuðningur við að mynda félagsleg tengsl og að gera hversdagslega hluti. Þannig fæst jákvæð upplifun við að lifa hefðbundnu lífi sem og eiga jákvæða upplifun af frístundum. Þannig er hægt að byggja hægt og bítandi upp félagslegt net (Østberg, 2008).

Sjálfboðaverkefni Rauða krossins í Skandinavíu hafa tengt aðstoð í fangelsum við aðstoð að lokinni afplánun. Þannig hafa sjálfboðaliðar Rauða krossins í Danmörku aðstoðað fanga við heimanám í fangelsum, en jafnframt haldið áfram stuðningnum þegar út er komið. Þá hefur Rauði

FRELSI. HVAÐ SVO?

Margir kvíða fyrir að losna úr fangelsi. Mynd: www.afstaða.is.

krossinn í Ósló staðið fyrir verkefninu *Red Bike* sem lýkur með hjólakeppni vistmanna, starfsmanna og sjálfbóðaliða, en teygir jafnframt anga sína út fyrir fangelsið með hjólreiðaferðum að afplánun lokinni. Þannig er bæði hvatt til öðruvísi þjálfunar innan veggja fangelsanna, en einnig lagður grunnur að heilbrigðri útivist sem stutt er við eftir afplánun með reglulegum ferðum út í náttúruna, mannaðar sjálfbóðaliða sem aðstoðar (Ungdommens Röde Kors, e.d.).

Félagasamtök lykill að árangri

Ef slíkt sjálfbóðaverkefni yrði sett á fót hér á landi gæti það orðið mikilvægur þáttur í sjálfsstyrkingu fanga og auk þess gæti það auðveldað föngum þau skref, sem reynast þeim þung í dag, að feta sig út úr fangelsi og inn í samfélagið að nýju sem nýtir þjóðfélagsþegnar. Ávinningurinn af því væri mikill, bæði fyrir fanga og samfélagið í heild, enda líklegt til að minnka endurkomutíðni í fangelsin. Til þess að svo megi verða þarf ríki, sveitarfélög og sjálfbóðasamtök að taka höndum saman og móta heildarstefnu í málefnum fanga.

Reynsla og rannsóknir á þátttöku

frjálsra félagasamtaka í að tryggja farsæla endurkomu hafa staðfest mikilvægi þessa. Við eigum að nýta okkur afrakstur verkefna Rauða krossins í nágrannalöndum okkar, enda mikilvægur hlekkur í að fækka endurkomum í fangelsi í löndum sem hafa lægstu endurkomutíðni í heimi. Það er til mikils að vinna fyrir samfélagið allt.

Heimildaskrá

- Harding D. J., Wyse J.J. B., Dobson C. og Morenoff J. D. (2011, desember). Making ends meet after prison: How former prisoners use employment, social support, public benefits, and crime to meet their basic material needs. Sótt 15. mars 2015 af <http://www.psc.isr.umich.edu/pubs/pdf/rr11-748.pdf>
- Hildur Hlökkversdóttir. (2015). „Það er ástæða fyrir endurkomum, engin vinna eða tækifæri og enginn geðlæknir“ Félagslegur bakgrunnur fanga og aðlögun þeirra að samfélaginu að lokinni afplánun (meistararitgerð). Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Rauði kross Íslands. (e.d). Félagsvinur. Sótt 27. mars 2015 af http://www.raudikrossinn.is/page/rki_reykjavikurdeild_felagsvinurkvenna
- Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir. (1997). Hvers vegna sjálfbóðastörf? Um sjálfbóðastarf, félagsmálastefnu og félagsráðgjöf. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Stöver, H., Weilandt, C., Zurhold, H., Hartwig, C. og Thane, K. (2008, apríl). Final Report on Prevention, Treatment, and Harm Reduction Services in Prison, on Reintegration Services on Release from Prison and Methods to Monitor/Analyze Drug use among Prisoners. Sótt 10. mars 2015 af http://ec.europa.eu/health/ph_determinants/life_style/drug/documents/drug_frep1.pdf
- Ungdommens Röde Kors. (e.d.). Netværket for studerende fanger. Sótt 28. mars 2015 af <http://www.urk.dk/hvad-goer-vi/laering/netvaerket-for-studerende-fanger/>
- Valur Bjarnason. (2012). Staða og líðan fanga við lok afplánunar (meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Østberg, V. S. (2008). Nettverk etter soning (Meistararitgerð í afbrotáfræði. Rannsóknarsetur í afbrot- og réttarfélagsfræði. Háskólinn í Ósló). Sótt 10. ágúst 2015 af <http://kundeweb.aggressive.no/users/nettverkshuset.org/filer/Nettverk%20etter%20soning.Masteravhandling%20i%20%20%20%20%20%20%20kriminologi.Mai.2008-1.pdf>

FANGAPRESTSEMBÆTTIÐ 45 ÁRA

Á þessu ári eru 45 ár liðin frá því að sérstakur fangaprestur þjóðkirkjunnar tók til starfa.

Á öllum öldum hefur kirkjan sinnt sálgæslu sakamanna með ýmsum hætti. Það á líka við um íslenska kirkju.

Kunn eru þau orð Matteusarguðspjalls sem eru víða í veröld yfirskrift þjónustu kirkjunnar við frelsissvip fólk: „Í fangelsi var ég og þér komuð til mín...“ (25.36). Á öllum öldum hefur kirkjan leitast við að koma með einum eða öðrum hætti til þess fólks sem svipt hefur verið frelsinu. Koma til þess með kærleiksboðskap trúarinnar í því skyni að hugga og styðja. Margir kannast við þá mynd af presti að hugga þá sem taka átti af lífi fyrr á öldum bæði úr sögum og kvikmyndum. Í kirkjuskipulagi konungs til handa Íslandi frá árinu 1537 sagði til að mynda um þessa þjónustu við fanga: „Til þeirra ódádáðamanna, sem af skulu verða teknir skulu kennimennirnir optlega koma, ekki aðeins þá þeir eru til þínunnar leiddir heldur og endranær á meðan þeir sitja í fangelsi að þeir megi tala fyrir þeim og kynna þeim viðurkenning Guðs náðar.“ (Diplomatarium Islandicum (Íslenskt fornbréfasafn), 10. bindi, R. 1911-1921, bls. 151, Kirkjuordinanzia Kristjáns konungs III., frá 1537, (þýð. Gizur biskup Einarsson, 1541)).

Dómkirkjupresturinn í Reykjavík sinnti prestsþjónustu í Hegningarhúsinu í Reykjavík frá upphafi og presturinn á Eyrarbakka Litla-Hrauni allt frá því að fangelsi eða vinnuhæli tók þar til starfa árið 1929.

Nýtt embætti

Árið 1965 var rætt við sóknarprestinn á Eyrarbakka hvort hann gæti tekið að sér sálgæslu fanga á Litla-Hrauni. Fangahjálpin Vernd hreyfði síðar við þessu máli og benti á að þörf væri á að sérstakur prestur, fangelsisprestur, sinnti föngum og fangelsum. Biskupi var ritað bréf og síðan við hann rætt. Í lögum um skipan prestakalla og



Frá guðsþjónustu í Hegningarhúsinu í Reykjavík.

prófastsdæma og um kristnisjóð sem samþykkt voru á Alþingi 27. apríl 1969 og tóku gildi 1. júlí 1970, var komið inn að frumkvæði Verndar ákvæði um sérstakan prest til þjónustu í fangelsum. Þar sem fjárveiting til þessa nýja embættis kom ekki til strax með lögunum réði Vernd í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið og biskup Íslands, sr. Jón Bjarman sem fulltrúa samtakanna og sem fangelsisprest frá 1. júlí 1970. Hlutverk prestsins skyldi vera að sinna föngum í fangelsum ríkisins og eftir að fangavist þeirra lyki. Einnig skyldi hann hafa umsjón fyrir hönd samningsaðila með þeim sem væru á skilorði eða ákærfrestun. Fyrsta skrifstofa fangaprests var í húsnæði Verndar að Grjótagötu 14b. Sr. Jón var síðan ráðinn fangaprestur þjóðkirkjunnar frá 1. janúar 1971. Hann vann þó áfram í nánnum tengslum við Vernd og starfi samtakanna var hann ekki ókunnur.

Hlutverk fangaprests

Í núverandi lögum um fullnustu refsinga frá 2005 er í 41. gr. getið um að fangar skuli eiga þess kost að hafa samband við prest eða fulltrúa skráðs trúfélags. Þannig er föngum gefið tækifæri til að ræða við sálusorgara sinn og iðka trú sína. Sömu leiðis segir í lögum um stöðu,

stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar frá 1997, að kalla skuli til prest til að sinna prestslegri þjónustu í fangelsum. Fangaprestur þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt þessum lögum og einnig samkvæmt vígslubrési sínu og erindisbréfi.

Fangaprestur hefur ekki lykil að neinum vistarverum fangelsa og fyrir honum þarf ætíð að ljúka upp dyrum. Það er táknað í sjálfu sér – hann er að því leyti eins og fangarnir! Læstur inni! Á ferðum sínum í fangelsin kynnist fangaprestur ekki aðeins föngum heldur og starfsmönnum fangelsanna og þá einkum fangavörðum sem sinna föngum og gæta öryggis þeirra. Fangelsi er ekki bara samfélag fanga heldur og samfélag fanga og fangavarða sem er mikilvæg að hafa ætíð í huga.

Prestur fanganna

Fangaprestsembætti þjóðkirkjunnar hefur verið til í tæpa hálfa öld og það hefur þróast eins og önnur embætti kirkjunnar en er þó í nokkuð föstum skorðum. Fangaprestur er embættismaður kirkjunnar og *prestur fanganna* og því er lykilatriði að hann kynnist söfnuði sínum (þ.e. föngunum) sem best og aðstæðum hans. Fæsta fangana þekkir fangaprestur áður en þeir koma í fangelsi. Það tekur tíma

að kynnast fólki en fangaprestur hittir nánast alla fanga landsins og þekkir þá með nafni. Fangelsi er eðli máls samkvæmt sérstakur staður þar sem menn kynnast – sjónarhorn þess bæði inn á við og út á við er með öðrum hætti en þau hin sem venjuleg teljast. Sérstaklega verður að gæta sín á neikvæðum hluta þessa sjónarhorns en jafnframt að horfa raunsæjum augum á það jákvæða sem hægt er að gera innan fangelsisrámmans til að draga úr skaðsemi vistarinnar. Alls staðar eru gallagripir á ferð – innan fangelsis sem utan. Og alls staðar er fólk á ferð sem er gull af manni og hægt að treysta. Veröldin er með öðrum margslungin hvort heldur utan fangelsi eða innan en þó ætíð varasöm.

Þjónusta fangaprests hefur frá upphafi ekki einskorðast við þá sem tilheyra þjóðkirkjunni heldur hefur hún staðið öllum til boða án tillits til hvaða trúfélagi þeir tilheyra – ef þá nokkru.

Fangaprestur kemur reglulega í fangelsin til að ræða við fanga hvort heldur í trúnaði og/eða í hópum eftir atvikum eða um dag og veg í almennu spjalli hvort heldur inni á fangadeildum eða vinnustöðum fangelsanna. Og þess vegna hafa fangar greiðan aðgang að honum í síma og tölvupósti þar sem netaðgangur er leyfður.

Fólk í vanda á vegi lífsins

Fangelsi eru staðir tilverunnar sem valda í sjálfu sér vanlíðan vegna þess að þar

eru menn sviptir einu því dýrmætasta sem þeir eiga, frelsinu. Fangelsið er líka mismikill hluti af æviskeiði fangans, þar nemur hann staðar og veltir fyrir sér hlutskipti sínu eftir því sem þroski hans segir til um, grefst kannski fyrir um grunnorsök þess að honum varpað í fangelsi og hvort hann sitji í dauðagildru fíknar, sé kannski markmiðslaust rekald, og spyr hikandi hvernig nýrri göngu hans inn í samfélag manna verði háttað. Þar er ekki bara nóg að hafa fæði og húsaskjól. Markmið og sátt þurfa að vera í farteskinu. Menn þurfa að umgangast annað fólk og geta horfst í augu við það án þess að flóttalegur svipur sé dreginn yfir andlitið. Það heitir sátt við sjálfa sig og umhverfi sitt. Sú sátt getur verið torsótt þegar í hlut eiga alvarleg brot. En oft næst hún hægt og bitandi að fullu eða að því marki sem eðli brotsins segir til um. Um allt þetta þarf að ræða og fara í saumana á og það er iðulega gert í samtölum fangaprests og skjólstaðings.

Af sjálfu leiðir að fangaprestur sinnir aðstandendum fanga eftir því sem þeir kjósa og er þungi þeirrar þjónustu breytilegur frá ári til árs. Fangar í gæsluvarðhaldi þurfa sérstakrar aðgæslu við en þar hefur sú venja þróast að spyrja viðkomandi gæsluvarðhaldsfanga hvort hann vilji tala við fangaprestinn sem flestir þiggja.

Samtöl fangaprests við fanga fara fram í trúnaði og hann er bundinn þagnareid um allt sem fram fer á milli þeirra í samtalinu og allt það sem hann kann

að verða áskynja um. Þetta vita fangar almennt og geta treyst. Samtölin eru að hluta til það sem kallast á kirkjulegu máli *sálgæsla* en má alls ekki rugla saman við störf sálfræðinga. Fangaprestur er ekki sálfræðingur! En fangaprestur hefur lært sem aðrir prestar sálusorgun/sálgæslu sem byggir á aldagömlum grunni. Í fangelsisumhverfinu er það fanginn sem er í forgrunni sem manneskja burt séð frá broti sínu. Brotið er fráleitt afsakað né réttlætt af sálusorgaranum heldur er horft til fangans sem *manneskju á vegi lífsins* sem þarfnast huggunar, uppörvunar og framtíðarsýnar sem byggist á heilindum og ábyrgð gagnvart sjálfum sér og öðrum. Jafnframt er hann hvattur til að takast heiðarlega á við vanþóknun samfélagsins sem lýsir sér í dómi yfir honum – og draga lærdóm af því!

Þrír menn hafa gegnt fangaprests-embætti þjóðkirkjunnar. Sr. Jón Bjarman ruddi brautina og starfaði sem fangaprestur frá 1970-1986. Við honum tók sr. Ólafur Jens Sigurðsson, sem var fangaprestur frá 1986-1993. Þá tók við embættinu sr. Hreinn S. Hákonarson, og gegnir því enn. Skrifstofa fangaprests þjóðkirkjunnar er í Grensáskirkju í Reykjavík.

Höfundur er fangaprestur þjóðkirkjunnar og hefur gegnt því embætti frá 1993. Áður var hann sóknarprestur í Söðulsholtsprestakalli á Snæfellsnesi frá 1982-1993. Formaður fangahjálparinnar Verndar frá 2000-2012.

Rangur ritháttur!

Borið hefur á því að nafn Litla-Hrauns sé ekki rétt ritað. Á það hefur verið bent hér í blaðinu og greinilegt að ekki er vanþörf á því að endurtaka það. Menn eru farnir að sleppa bandstrikinu og rita *Litla Hraun*. Þetta er rangt samkvæmt íslenskri stafsetningu. Reglan er sú að rita bandstrik milli orðliða í örnefnum og fleiri heitum þar sem síðari liðurinn er sérnafn eins og: *Litla-Hraun*, *Víga-Glúmur* og *Norður-Íshaf*, svo dæmi séu nefnd. VERNDARBLAÐIÐ hvetur alla til að rita nafn fangelsisins að Litla-Hrauni rétt! Það er ekki beint skemmtilegt að sjá nafn fangelsisins ritað rangt og sérstaklega er það hallærislegt þegar það sést í opinberum bréfum og plöggum. Takið ykkur á! Ritið þetta rétt!



Áningarborð frá Litla-Hrauni á bensinstöð í Mosfellsbæ.

FANGAR MEÐ ÞROSKA- HÖMLUN



Ekki er allt sem sýnist.

Hér verður reifað í stuttu máli innihald greinar sem birtist í norrænu tímariti um afbrotafræði og afbrotavarnir. Greinin fjallar um þroskahamlaða fanga og stimplun:

Höfundar ræða um þýðingu þess fyrir fólk að tilheyra ákveðnum hópum, njóta virðingar og sannmælis á sama vettvangi, og standa öðrum á sporði hvað mikilvægi snertir innan hópsins. Sumir horfast í augu við einangrun og vanvirðingu vegna tengsla sinna við ákveðna hóp sem eru einhverra hluta vegna simplaðir í samfélaginu. Fræðimenn hafa einkum beint athygli sinni að þeim þætti þá menn hafa tilheyrt aðeins einum hópi sem er stimplaður (e. *stigmatized*). Þeir hafa síður gefið því gaum að einstaklingar geta tilheyrt fleiri en einum hópi sem er stimplaður. Maður getur til dæmis verið settur í hóp fólks með þroskahömlun (e. *mental retarded*) og sömuleiðis verið í hópi *fanga*. Samfélagsleg stimplun hans verður því með tvennum hætti – eða öllu heldur tvöföld. Þeir taka fram að skilgreining á þroskahömlun einstaklings geti verið með ýmsum hætti og sumir fræðimenn fella þar undir ADHD (athyglisbrestur og ofvirkni, taugaþroskaröskun), dyslexíu (http://lesvufurinn.hi.is/hvad_er_dyslexia) og almennt tornæmi. Höfundar halda sig hins vegar við almenna skilgreiningu á hugtakinu og segja að þroskahömlun sé sá hemill sem takmarki vitsmunalega

virkni og möguleika til félagslegrar aðlögunar.

Fjölstimplun

Höfundar setja fram tilgátu um fjölstimplun (e. *multiple stigma*) og segja sem svo að einstaklingur sem settur er í flokk *fólks með þroskahömlun* og þar með stimplaður sem slíkur geti enn fremur verið í hópi *fanga* (sé hann brotamaður) og þar af leiðandi stimplaður sem einn af þeim. Þetta er tvenns konar stimplun. En það er að mati höfunda hægt að tala um þriðju stimplunina sem felur hinar tvær fyrir í sér: *fangi með þroskahömlun*. Í umfjöllun sinni ræða höfundar um þessa fjölstimplun út frá sálfræðilegum tengslum slíkrar félagslegrar fjölstimplunar. Þeir styðjast annars vegar við gögn sem fjalla um þroskahömlun og hins vegar þau sem lúta að fangavist.

Einstaklingar marka sér stöðu innan félagshópa á grundvelli þess sem líkt er með þeim og öðrum í sama hópi. Þess vegna getur fólk sagt sem svo: „Við,“ og vísað til hópsins og sömuleiðis vísað út fyrir hópinn með því að segja: „Þið.“ Aðgreiningin verður vegna sýnilegs mismunar. Túlkunin á þessum mismun hefur tilhneigingu til að sækja til staðlaðra ímyndana á þessum hópum. Segja höfundar að þetta sé oft raunin í stimplunarferlinum (e. *stigmatization process*) og oftast sé engin athugasemd gerð þegar greini á milli *okkar* og *þeirra* vegna þess að menn telja annan hópinn

geta brotið gegn félagslegum gildum hins („Við,“ og „Þið.“). Þetta sé oft rótin að neikvæðum, stöðluðum ímyndunum sem dragi úr gildi þeirra sem tilheyra *hinum*. Stimplun sé því flokkun, gjaldfelling, tortryggni og aðskilji hinn stimplaða frá öðrum einungis á þeirri forsendu að hópur hans sé með önnur tengsl en hinn.

Það sem sést og það sem ekki sést

Ýmis ytri einkenni valda því að margir komast ekki hjá því að vera álitnir frábrugðnir öðrum og í sumum tilvikum settir til hliðar vegna þess – þ.e. stimplaðir. En einstaklingar geta verið frábrugðnir öðrum án þess að það sjáist og sumir hylja jafnvel einkenni sín til að komast hjá einhvers konar útskúfun og stimplun af hálfu hinna sem telja sig fylla flokk venjulegs fólks. Fræðimenn telja minni líkur á stimplun/útskúfun ef ástæða hennar sé náttúruleg og við hana hafi ekki verið ráðið – eigi sér til dæmis líffræðilegar rætur. Sé hún aftur á móti sjálfsunnin þá sé stimplunin/útskúfunin vægðarlausari og í því sambandi er bent á fyrrum fanga sem hljóti að vera ábyrgir gerða sinna.

Enda þótt þroskahömlun sé í eðli sínu stundum sjáanleg og eigi rót sína í aðstæðum sem ekki var við ráðið þá verða þeir einstaklingar sem búa við slíka hömlun fyrir bardinu á stimplun. Nefna höfundar kunn söguleg dæm um stimplun og útilokun gagnvart fólki með

Þroskahömlun sem fólust í vönunum og afkynjunum sem og nauðungavistun á hælum og einangrunarbúðum. Stimplunin/útskúfunin hefur oft leitt af sér illa meðferð, félagslega höfnun og almennan skort á jákvæðu hugarþeli gagnvart fólki með þroskahömlun. Menn hafa á öllum öldum stært sig af því að geta farið nærri um gáfnafar fólks út frá ytra útliti (höfuðfalli, andlitsfalli og yfirbragði) og í sumum tilvikum talið sig þar með geta skilið sauðina frá höfrunum. En þar hefur mönnum skjáplast harla oft svo ekki sé meira sagt!


Stimplun og fangelsi

Fangar sem og fyrrum fangar hafa á sér stimpil sem þeir geta reyndar falið að vissu marki en það er ekki alltaf auðvelt. Hópurinn situr undir því að vera ekki talinn traustsins verður (enda þótt afplánun sé lokið hjá sumum) og hann sé uppvís að siðferðisbresti. Þetta hefur í för með sér margvíslega útilokun. Aðgengi að atvinnumarkaði er til dæmis takmarkað þar sem atvinnuveitandi getur kannað bakgrunn umsækjanda og krafist sakavottorðs. Fyrrum fangar búa því við afar sterka stimplun eftir fangavist sína.

Til að útskýra fjölstimplun (e. *multiple stigma*) taka höfundar dæmi úr fangelsi. Þeir segja stöðu fanga í fangasamfélaginu byggja á því hversu staðfastlega hann haldi sig við félagsreglur samfélagsins bak við múrana. Dæmi eru nefnd eins og tryggð gagnvart öðrum föngum, andúð á yfirvaldi, mikilvægi þess að halda sjálfsvirðingu sinni og ákveðni, sýna ekki veikleika. Mikilvægast alls er þó að verða ekki uppvís af svikum eða uppljóstrunum um samfanga sína. Sá sem gengur gegn reglum bræðrasamfélags brotamannanna er í augum þess brotamaður og útlægur ger.

Á útjaðri útjaðarsins

Fangar með þroskahömlun átta sig ekki alltaf á því hvernig þræðir undirheimamenningar liggja enda hafa þeir hvorki tilfinningalega getu til þess né vitsmunalega. Þeir virða ekki gildi þessar afkímamenningar (e. *subculture*) og traðka jafnvel á þeim óafvitandi vegna þroskahömlunar sinnar – glopra til dæmis einhverju út úr sér um samfanga



Fræðilegt líkan fjölstimplunar

sína í samtali við fangaverði. Þess vegna eru þeir oft taldir vera svikarar gagnvart fangahópnum og er fyrir vikið útskúfað úr hinum útskúfaða hópi. Þeir sitja eftir á útjaðri útjaðarsins.

En það er ekki einungis í jaðarmenningunni og fangelsunum sem fangar með þroskahömlun búa við skarðan hlut. Rannsóknir sýna að þegar kemur jafnvel að stofnunum og félögum sem eiga að sinna fólki með þroskahömlun þá blasir þar ekki við opinn armur eða vinalegt bros hafi skjólstaðingurinn verið í fangelsi. Þvert á móti er hann álitinn *hættulegur* og þar af leiðandi óhæfur til að eiga félagslegt samneyti við annað fólk. Í ljósi þessa geta þeir upplifað sig sem stimplaða innan hóps sem þá og þegar er stimplaður. Höfundar benda á þetta kunni að vera ein ástæða þess að brotamenn með þroskahömlun séu líklegri til að brjóta aftur af sér heldur en aðrir brotamenn.

Afleiðingar fjölstimplunar í fangelsi

Rannsóknir gefa til kynna að fjölstimplunin hafi í för með sér einmákennd sem geti leitt af sér þunglyndi, kvíða og taugaveiklun. Fjölstimplun eykur líkurnar á því að viðkomandi dragi sig í hlé og getur vakið upp sjálfsvígshugsun. Hún getur líka rutt leið fyrir andfélagslega hegðun í orði og æði. Óttinn við að verða fordæmdur og útskúfaður hefur líka sín áhrif. Fólk tekur sveig fram hjá viðkomandi hvort heldur hann er gerandi eða þolandi - allt í sjálfsvarnarskyni.

Rannsakendur telja mikilvægt að fangelsiskerfið sé meðvitað um vitsmunalegt ástand fanga og þroska þeirra. Átti sig á því hverjir þeirra eru með þroskahömlun og þá hvers konar. Þeir benda á að í norskum fangelsum sé ekkert eftirlit fagfólks hvað þetta varðar heldur sé eingöngu treyst á fangaverði og annað starfsfólk kerfisins. Fangaverðir og starfsfólk hefur ekki fulla burði til að kveða upp úr með jafn sértæka hluti og þessa enda þótt það beiti almennri skynsemi sinni í mati á föngum.

Rannsakendum horfa til frekari rannsókna á þessum málum og vonast til að fá tækifæri til að renna stoðum undir tilgátu sína um fjölstimplun og afleiðingar hennar.

Með greininni fylgir ítarleg heimildaskrá eins og við er að búast. Athygli skal vakin á einni bók sem þar er getið en það er doktorsritgerð E. Søndena frá 2009: *Intellectual disabilities in the criminal justice system*. Hún var varin við Norwegian University of Science and Technology í Þrándheimi.

Hreinn S. Hákonarson tók ofanritað saman úr greininni: *A theoretical model of multiple stigma: ostracized for being an inmate with intellectual disabilities, eftir þá Nicolay Gausel og Mikkel M. Thørrisen, birt í: Journal of Scandinavian Criminology and Crime Prevention, 15. hefti, nr. 1, 2014, bls. 89-95.*

GAMMLIR MENN Í FANGELSI



„An old man's game?“

Fangelsi hafa löngum verið talin viðkomustaðir ungra og óstýrilaðra manna sem komast upp á kant við lögin. Brotþeirra eru misalvarleg og dómari í takt við það. Allir vona að þessir ungu menn láti ekki sjá sig aftur eftir að afplánun er lokið. Og flestir uppfylla þá ósk en aðrir ekki – og sumir hverjir koma meira að segja aftur og aftur. Ekkert lát virðist vera á brotagleði þeirra og ódælsku – oft kallað upp á engilsaxnesku: „a young man's game“. Nokkrir koma býsna ungir inn í fangelsið og smám saman setja árin mark sitt á þá eftir því sem þeir sitja lengur fastir í hjólfari afbrota og neyslu. Það eru vissulega dapurleg örlög sem reynt er að breyta og leiða viðkomandi fyrir sjónir að hamingju lífsins er að finna utan fangelsis. Fangelsi eru nefnilega fráleitt nokkrir hamingjustaðir – þau eru í eðli sínu gæðasnaudir staðir sem allir ættu að forðast.

Fangelsin mótast af því að þau eru staður ungra manna – þau eru að nokkru leyti skipulögð með þarfir þeirra í huga. Skólistendur þeim til boða, vinnutækifæri eru misjöfn frá einu fangelsi til annars, sem og líkamsræktaraðstaða þar sem menn pumpa upp vöðvana í samræmi við kröfu tíðarandans. Í fangelsum má oft kenna ólgu æskunnar, kappsins þar sem forsjáin er eilítið á eftir og þannig mætti lengi telja. Meðalaldur fanga á Litla-Hrauni um þessar mundir er um 34.7 ár – þegar hve mestur kraftur svellur í karlmannsblóðinu og á Sogni tæplega 40 ár.

Fangelsin „grána“

Það er ekki langt síðan að Bandaríkjamenn áttuðu sig á því að fangelsi þeirra væru farin að „grána“ – fangar voru farnir að eldast og eldri fangar fóru

að koma inn til afplánunar: „greying of the prison's“! Sú þróun kom í kjölfar fjöldafangelsunar í ýmsum fylkjum á grundvelli harðra refsinga við þriðja brot. Nú horfast þeir í augu við ýmsar nýjar kröfur sem eldri fangar gera og eru ólíkar kröfum hinna yngri. Hið sama er uppi á teningnum í Kanada og Bretlandi. Þau lönd sem dæma menn til ævilangrar fangelsisvistar hafa því ellideildir í fangelsum sínum og einnig þau lönd þar sem áratugadómar eru felldir.

Það er sem betur fer afar sjaldgæft að gamalt fólk fái fangelsisdóma hér á landi. Fyrir þremur árum var all átakaleg fyrirsögn í blaði, nánar til tekið DV, þann 27. febrúar 2012: „94 ára og ósjálfbjarga í fangelsi.“ Þar kom fram að maðurinn væri fæddur 1918 og hafi hlotið dóm árið 2008. Tilvik sem þetta heyrir hins vegar til algerra undantekninga.

Gamlir menn koma semsé í fangelsi á Íslandi og þá er miðað við þann aldur sem fólk kemst á eftirlaun – eða 67 ára aldurinn. Þeir eru nokkrir sem hafa verið „löggit gamalmenni“ í fangelsi eins og menn segja kankvísir á svip. Þá má finna nýleg dæmi um fanga á áttræðisaldri og nírræðisaldri og jafnvel tírræðisaldri. Allt eru það þó undantekningar. Afplánunin gengur oftast fyrir sig með venjubundnum hætti.

Réttvísinn gleymir engum

Gamlir menn sem hlotið hafa óskilorðbundna refsingu og fara í fangelsi hafa oftast verið afhjúpaðir, eins og gjarnan er sagt. Í mörgum tilvikum hafa gömul kynferðisbrot og stundum ný komið upp á yfirborðið og fórnarlömb stigið fram. Fólk sem níðst var á. Sum þessara mála hafa fengið mikla fjölmiðlaumfjöllun.

Mál fara sína leið í réttarkerfinu og síðan er dómur felldur. Þrátt fyrir afneitanir hins ákærða sem eru býsna algengar og minnisleysi á atburðarás liðins tíma, sleppa menn ekki undan réttvísinni finni hún sér fótfestu á annað borð. Líf hins ákærða og síðar dæmda sem var kannski í réttum skorðum á ytra borði og hann jafnvel vel metinn sem hver annar borgari, verður að rústum einum. Það er auðvitað hörmuleg staðreynd sem verður að takast á við. Sú þraut verður ekki leyst í einu vetfangi heldur krefst mikillar vinnu. Til áréttingar skal sömuleðis tekið fram að raunir og vanlíðan fórnarlamba eru skelfilegar og tekur það ævina alla að glíma við afleiðingar brotsins.

Hvað er til ráða?

Eldri fangar eru í fangelsi með ungum mönnum. Mikill munur er að sjálfsöğðu á hugsunarhætti ungra fanga og þeirra sem gamlir eru. Það er hins vegar ekki svo í íslenskum fangelsum að á sama tíma afpláni margir gamlir menn dóma sína. Þess vegna verður þessi eini gamli dálítið einn á báti. Margir þeirra sem teljast til eldri borgara í fangelsum hafa verið dæmdir fyrir kynferðisbrot. Þeir brotamenn eru almennt vistaðir á sérdeild innan um fanga sem eru yngri en þeir en hafa hlotið dóma fyrir svipuð brot.

Hvað er hægt að gera þegar menn hafa lagt líf sitt í rúst og valdið öðrum þjáningu sem fylgir þeim kannski lífið

á enda? Gamli fanginn sér fram á að eftir fangavistina verði nýtt líf að hefjast þó svo það hljómi undarlega – og fangavistina er hægt að nota að vissu marki til að undirbúa það. Mikilvægur liður í því er að horfast í augu við sjálfan sig og gjörðir sínar. En til þess þarf kjark – og sálarstyrk. Oft er það svo að viðkomandi ræður ekki við uppgjör brotsins og afleiðingar þess. Hann reynir að sökkva því ofan í djúp gleyskunnar en því skýtur iðulega upp aftur og aftur og veldur margvíslegri vanlíðan. Enginn flýr sjálfan sig og kannski allra síst á efri árum. Þess vegna ættu fangar í þeirri stöðu að notfæra sér alla þá aðstoð sem í boði er hverju sinni til að taka á málum sínum. Það er sjálfum þeim til heilla og samfélaginu líka.

Fangelsisvist gamla fangans

Margir eldri fangar gera litlar kröfur til nánasta umhverfis síns. Þeir sitja gjarnan inni á klefa, reykja og hlusta á útvarp eða horfa á sjónvarp. Kaffibollinn er ekki langt undan. Sumir grípa í bók af og til séu þeir því vanir. Eins og öðru gömlu fólki þykir þeim flestum gaman að ræða um liðna tíð. Þarflaust er að taka fram að ýmsir sjúkdómar geta hrjáð eldri fanga sem þeir fá meðhöndlun við. Sumir hafa jafnvel þurft að nota göngugrind í fangavistinni sakir skertrar hreyfigetu – aðrir bleiur eins og hendir gamalmenni. Taka verður tillit til heyrnardeyfðar ef henni er að skipta, sem og sjóndepu og hugsanlegra elliglapa.

Þegar eldri borgarar koma í fangelsi

blasir margt við þeim sem þeir eiga erfitt með að samlagast. Allt umhverfið er nýtt og framandi. Þeir fyllast ótta, kvíða og depurð – sumir velja þann kost að einangra sig inni á klefa undir sæng. Þunglyndi gerir vart við sig og margir þeirra spyrja sjálfa sig hvers vegna í ósköpunum þeir séu komnir í þessar aðstæður á gamals aldri. Þeir þurfa mikillar aðstoðar við til að greiða úr sálrænum flækjum og ekki síður tilvistarlegum spurningum. Margir þeirra hafa fengið dóma fyrir kynferðisbrot eins og áður er getið og sum hver mjög alvarleg. Þeim er útskúfað úr fjölskyldum, fyrirlitnir og taldir ekki eiga neitt gott skilið. Þeir hafa ekki aðeins valdið fórnarlömbum sínum sálartjóni heldur hafa þeir teft lífi sínu út í algjöran glundroða sem þeir ráða ekki fram úr. Í mörgum tilvikum vakna hjá þeim sjálfsvígshugsanir – eða ósk um að fá að deyja sem fyrst. Lífslöngun þeirra hefur dofnað og mörgum þeirra er sama um allt. Þeir eru orðnir gamlir menn og æran er fokin út í veður og vind – enginn vill neitt með þá hafa nema kannski einstaka vinur frá fornri tíð eða einhver einn í fjölskyldunni.

Framtíð gamla fangans?

Hvaða augum líta gamlir fangar til þess tíma er þeir losna? Sumir þeirra fara aftur til síns heima eftir fangavistina en aðrir á elliheimili eða hjúkrunarstofnun. Þeir bera kvíðboga fyrir þeim degi þá þeir ganga út vegna þess að sumir þeirra eru háðari öðrum fyrir ellisakir

og þá er kvíðaefnið hvort einhver sé fús á að liðsinna þeim, til dæmis með mataraðdrætti. Aðrir eru smeykir um að brot þeirra verði rifjuð upp í fjölmiðlum þá þeir losna úr fangelsi og einhvern bregði fæti fyrir þá þegar þeir reyna að fóta sig á nýjan leik. Ólíklegt er að þeir séu betur á sig komnir líkamlega þegar þeir ljúka afplánun miðað við þá þeir hófu hana. Samfélagsbreytingar ganga líka hratt fyrir sig og menn þurfa ekki að vera lengi í fangelsi til að komast að raun um að margt hefur breyst þarna „úti“.

Dæmi eru um að eldri fangar hafi sótt um náðun og fengið hana. Enn aðrir hafa fengið að gera hlé á afplánun sinni sakir heilsuleysis. Sumir hafa látist áður en til afplánunar kom.

Að deyja gamall í fangelsi

Enginn veit hver annan grefur. Þrátt fyrir það segir sagan að því eldri sem þú sért því líklegri sért þú til að deyja en sá sem yngri er. Hugsun um að deyja í fangelsinu sækir iðulega að eldri föngum. Mönnum þykir fangelsi vondur staður til að deyja á – á slíkum stað vilja menn síst gefa upp andann. Kannski vegna þess að menn vilja horfast í augu við óumflýjanlegan dauðann sem frjálsir menn. Dauðahugsun er sterkari meðal eldri fanga en þeirra yngri og til að draga úr sársauka hennar verður að ræða við fangann um líf og dauða. Það samtal verður að fara fram af kærleika og virðingu. Slíkt sálgæslusamtal getur dregið úr kvíða og aukið sátt við lífið - og dauðann.

Fangahjálpin Vernd 55 ára

Stofnun fangahjálparinnar Verndar átti sér nokkurn aðdraganda. Venja er að telja stofnarið vera 1960 en það ár hófst formleg starfsemi fangahjálparinnar.

Á fundi Kvenréttindafélags Íslands árið 1958 komu konur saman og fjölluðu um hvað hægt væri að gera til að rétta brotafólki hjálparhönd með það að markmiði að það yrði að nýtum þegnum. Skipuð var nefnd valinkunnra kvenna til að undirbúa stofnun félags sem hefði þetta að markmiði. Í nefndinni voru þær Þóra Einarsdóttir, síðar formaður Verndar, Rannveig Þorsteinsdóttir, hæstaréttarlögmaður, Láru Sigurbjörnsdóttur, síðar ritari Verndar, og Þórunn Magnúsdóttir, síðar sagnfræðingur. Stofnun Verndar var fyrst og fremst í höndum kvenna og það má ekki gleymast.

Markmið þeirra var umhyggja fyrir brotafólki, vilji til koma því til hjálpar og leiða inn á rétta braut. Allt frá stofnun hefur Vernd rekið áfangaheimili til þess að auðvelda brotamönnum að snúa aftur út í lífið svo þeir megi verða fullvinnandi fólk og eignast hamingjuríkt líf. Það er ekki vandalaust verk og því þarf að styðja kröftuglega við bakið á föngum í viðleitni þeirra til að fóta sig á ný þar sem heiðarleiki og auðmýkt eru í öndvegi. Hér fara hagsmunir samfélags og einstaklings saman í smáu sem stóru – og það ætti að vera öllum hvatning til að leggja þessum góða málstað lið.

Núverandi formaður fangahjálparinnar Verndar er Elsa Dóra Grétarsdóttir og framkvæmdastjóri er Þráinn Bj. Farestveit.

FANGI NÚMER 434444

Stundum segja fjölmiðlar frá því að Íslendingar hafi verið fangelsaðir í löndum Suður-Ameríku. Sögur fara af því að aðbúnaður í fangelsum þar sé ekki upp á marga fiska.

VERNDARBLAÐIÐ tók mann tali sem fékk sjö ára dóm fyrir fíkniefnasmygl og afplánaði í fangelsi einu um 300 km frá Sao Paulo í Brasilíu. Fangelsið heitir Penitenciaria.

Þetta var árið 2006 og hann afplánaði fimm ár og níu mánuði af sjö ára dómi. Gefum honum orðið:

„Við handtöku var ég látinn skrifa undir blað á portúgölsku, ég neitaði, en þá var skammbýssa sett við höfuðið á mér og ég auðvitað skrifaði undir þegjandi og hljóðalaust. Þetta var áfall og ég var fluttur í fangelsi. Stór og mikil hurð blasti við – henni rennt frá og þar fyrir innan stóðu átta menn vopnaðir rifflum. Ég hélt að ætti að skjóta mig; en ég átti bara að afklæðast og fara í fangabúninginn. Manni var strax sýnt hver það væri sem héldi um stjórntaumana.

Í gæsluvarðhaldinu vorum við alls fimmtíu í tíu manna klefa. Sváfum tveir og tveir á eins manns dýnu. Þetta var algjör viðbjóður, tuttugu manns á gólfinu. Og hola á gólfinu til að gera þarfir sínar, ég var þarna í tæpa fimm mánuði. Síðan fór ég í útlendingafangelsi. Það voru menn frá áttatíu eða níutíu ríkjum. Flestir frá öðrum Suður-Ameríkuríkjum og Afríkuríkjum. Þarna voru líka Evrópumenn en ég var eini Norðurlandabúinn.

Ég fór fyrir dóm eftir átta mánuði. Fjölskylda mín útvegaði mér lögmann sem var frekur til fjarins en gerði annars lítið. Ég áfrýjaði til hæstaréttar, það tók tvö ár. Refsiramminn í mínu máli var 5-15 ár. Engin regla er á reynslulausnum. Sumir fá 1/10, aðrir borga sig út, sumir

múta mönnum í kerfinu, enn aðrir klára dóma til fulls.

Daglegt líf í fangelsinu

Fyrsta árið vorum við sex í klefa, þrjár kojur, en síðan fjölgaði og urðum við eftir það tólf saman. Salernisaðstaðan var með þeim hætti að klósettið var steipt og stóð á miðju gólfi og girt af með sturtutjaldi og úr veggnum kom kalt vatn. Já, við vorum tólf og það gefur auga leið að salernið var mikið notað. Salernispappír var ekki skaffaður en hægt var að kaupa hann; annars notuðu menn vatn til að þrifa sig og fóru síðan í sturtu.

Útivist var með þeim hætti að við fengum að fara út kl. 8.00 á morgnana til kl. 11.00. Og eftir hádegið var líka þriggja tíma útivist. Menn réðu því hvort þeir færu út eða væru inni á klefum sínum. Í álmunni sem ég var í voru um 350 fangar og þeir gátu verið saman í útivist í stórum garði þó ekki væru kannski allir þar í einu. Menn gátu spilað fótbolta í útivistinni.

Klukkan sjö á morgnana fengum við lítið brauð, *bread roll*, og það var fyllt smjöri. Þá fengum við þrjá lítra af mjólk með brauðinu og skiptum henni á milli okkar, svona ein kanna á mann. Í hádeginu fengum við hrísgrjón og baunir, og svo var kvöldmatur kl. 16.30. Það var líka hrísgrjón og baunir eins og í hádeginu. Allt ósaltað og bragðdauft. Ekki var boðið upp á kjöt – þetta var maturinn á hverjum einasta degi. Kaffið kom inn á klefann í svona tveggja lítra plastflösku. Kaffið var hitað þannig að tveir rafmagnsvírar voru leiddir ofan í fulla vatnsfötu og flaskan sett þar ofan í. Rafmagnið þarna er 120W. Ég léttist auðvitað í fangavistinni – matarskammturinn var auk þess ekki stór.

Ef fangar veiktust gátu þeir pantað

tíma hjá lækni eða hjúkrunarfræðingi. Menn töldust heppnir ef þeir þurftu að bíða í þrjár fjórar vikur. Þú gast þess vegna verið búinn að hrista af þér veikindin og orðinn frískur þegar að þér kom. Þegar þú komst inn á læknastofuna þá sat læknirinn þar í rólegheitum með sígarettu og kaffibolla.

Klefinn og samfangar mínir

Rúmin voru bálkar og á þeim teygjulak og „sængin“ þunnt lak. Sumarið þarna er auðvitað heitt en vetur gat verið kaldur – þá fengu menn nokkur lök til að breiða ofan á sig. Það var enginn ofn í klefnum. Menn breiddu lakið yfir sig og reyndu að nota andardráttinn/líkamshitann til að ylja sér.

Í klefnum var mikið um skordýr – eins og til dæmis risastóra kakkalakka. Þetta var óþægilegt í fyrstu en síðan vandist maður þessu. Maður vaknaði við það að kakkalakarnir skriðu um andlitið og ýtti þeim frá sér, sló þá til hliðar.

Í klefnum var eitt sjónvarpstæki hengt á vegg, 14 tommu. Við gátum valið á milli þriggja stöðva –horfðum aðallega á eina. Þeir sýndu sápuþætti daginn út og inn. Sú skásta hét Global. Fangar höfðu engar tölvur, útvarp eða DVD spilara o.þ.h.

Samfangar mínir, klefafélagar mínir, voru allir eldri en ég. Ég var 29 ára þegar ég hóf afplánun og var 35 ára þegar ég steig fæti mínum út í frelsið. Og þá var mér eiginlega sama; það var bara eins og væri verið að kalla á mig í mat eða að ég væri að fá bréf. En fyrstu þrjú árin þá hugsaði ég oft: Vá, hvernig verður þetta þegar ég fæ frelsi.

Ég var í klefa með aröbum, flestir voru frá Líbanon og Sýrlandi - og sumir frá Palestínu. Þetta voru allt stórtækir fíkniefnasmyglarar, miklir



Varðturn í fangelsinu Penitenciaría í Brasilíu.

greifar og barónar, aldrei séð jafn ríka menn hvað peninga snerti. Þeir voru allir með þunga dóma, sá minnsti var 36 ár og sá þýngsti 55 ár. Þeir tengdust Hisbolla hryðjuverkasamtökunum í Líbanon. Þeir voru múslímar og báðust fyrir fimm sinnum á dag – lögðust á bænammottuna. Ég var ekki beittur neinu ofríki af hálfu þessara manna, var frekar undir verndarvæng þeirra. Þeir stjórnuðu fangelsinu algjörlega. Voru með fangaverðina á sínum snærum, þeir fengu aukamat, kjöt. Þessu var smyglað inn og þar sem ég var að vinna í bakarií fangelsisins sem var í annarri álmu en klefinn minn þá gat ég borið þetta inn, brauðið var ofan í pokunum og kjöt undir. Fangaverðir vissu af þessu og fengu borgað hjá aröbunum fyrir að þegja og liðka til.

Menn þvoðu af sér inni á klefanum í bala á gólfinu, og þvoðu allt af sér. Hver maður sér um sjálfan sig. Það var hægt að láta samfanga þvo af sér gegn þóknun.

Ég las töluvert í fangelsinu – fékk bækur sendar að heiman. Það var líka bókasafn í fangelsinu og átti að merkja á blað hvaða bók maður vildi og svo var komið með hana í klefann.

Menn sáu bara út í garð úr klefanum, hár múrveggur var í kringum fangelsið. Arabarnir voru ekki í fíkniefnaneyslu, en þeir sáu um dreifingu fíkniefna í álmunni. Þetta var þeirra svæði og

enginn skyldi voga sér að fara inn á þann markað án þess að hafa verra af. Eitt sinn kom maður í fangelsið og hann var með fíkniefni innvortis, tvö kíló af kókaíni. Menn vissu ekki hvað ætti að gera við þetta en á endanum var það bara gefið öllum sem vildu. Gjörðu svo vel, hér hefurðu 20g. Það eru bara 500 þús. kr! Fangaverðir geta ósköp lítið gert, þeir gera kannski leit mill kl. 16.00 og 18.00. Eða á morgnana milli kl. 06.00 og 08.00. Leitinn er alltaf á sama tíma og fangar því henni viðbúnir.

Vinna í fangelsinu

Í bakariíu bökuðum við brauðin handa föngunum og ýmislegt fleira fyrir fangaverðina, til dæmis pizzu og naut maður þá góðs af því. Stundum bökuðum við sætabrauð og borðuðum það bara í bakariíu. Máttum ekki fara með það inn á klefana.

Sumir fangar unnu við grænmetis-rækt í fangelsinu, ræktuðu kartöflur og alls konar salöt. Margir unnu í eldhúsinu, aðrir saumuðu fangabúninga sem voru appelsínugulir, buxur og jakki, hvítur bolur innan undir. Menn fengu tvo galla í fangavistinni.

Það var hægt að stunda nám í fangelsinu, framhaldsskólanám. Kennarar voru sjálfir fangar sem höfðu einhverja menntun. Ég var í námi í tvö ár og lærði portúgölsku.

Átök milli fanga

Í fangelsisgarðinum kom oft til ryskinga – menn börðust eins og skepnur í heilan dag um yfirráð og völd í fangelsinu. Ég hef aldrei séð annað eins. Hópurinn sem kom sterkast út fékk völdin og það voru arabarnir. Margir börðust með þeim gegn blökkumönnunum sem voru flestir frá Nígeríu. Þessir arabar voru búnir að búa lengi í Brasilíu og voru ríkisborgarar þar. Og töluðu flotta portúgölsku. Þeir þoldu ekki Bandaríkjamenn – og ef Ameríkani kom þá kröfðust þeir þess að hann færi. Þrír fangar voru drepnir í þessari valdabaráttu.

Ég held að flestir fanganna þarna hafa setið inn fyrir fíkniefnabrot, sumir voru þjófar og þá aðallega menn frá Perú og Síle. Þá var dálítið um peningafalsara þarna.

Trúin

Ef þú ert ekki trúaður maður þarna úti þá er rosalega erfitt að lifa þarna. Og lifa af. Trúin bjargaði mjög miklu hjá mér. Múslímarnir öbbuðust ekki upp á mig þó ég væri kristinn, voru ánægðir með Jesú enda er hann spámaður hjá þeim – en alls ekki sonur Guðs! En auðvitað er Múhameð mestur allra spámannanna.

Engir trúarhópar komu inn í fangelsið – né prestar eða imanar múslímanna. Hins vegar héldu kristnir menn fjörmiklar samkomur í stóru herbergi á fyrstu hæðinni – það var mikið sungið og hrópað. Ég var eini hvíti kristni maðurinn sem sótti þessar samkomur og hafði gaman af því. Ég varð ekki fyrir neinu aðkasti annarra fanga þótt ég væri hvítur. Naut þess að vera hvítur maður, ljóshærður og með blá augu. Talinn bara vera fagur maður og blessaður af Guði! Án gríns. Presturinn sem fermdi mig sendi mér Biblíu út og ég las heilmikið í henni. Sérstaklega Davíðssálma sem styrktu mig. Ég var mjög þakklátur fermingarprestinum mínum fyrir þetta.

Fangaverðir

Fangaverðirnir komu vel fram við arabana og allt sem þeir vildu, fengu þeir. Og ef þú varst ekki tengdur þeim þá var gagnslaut að biðja þá um eitthvað. Vaktir fangavardanna voru tólf tímar. Arabarnir gáfu þeim peninga og fleira sem þeir fóru með heim. Hálft

líf þeirra er í fangelsinu og þetta eru allt karlfangaverðir. Fangaverðirnir í álmunni eru ekki vopnaðir en þeir sem eru þar fyrir utan eru þungvopnaðir. Þeir fangaverðir sem fylgdust með útivistinni voru ekki vopnaðir heldur en það var alltaf stutt í þá vopnuðu – voru á vissan hátt að baki þeim.

Fangaverðirnir hafa ekki neinar tölvur, þeir sátu bara við gamlar ritvélar og skrifuðu skýrslur og bréf.

Flestir fangavarðanna voru svona 25 ára og upp úr. Frekar fátækir og líf þeirra snerist dálítið um fangelsið. Þetta voru fjölskyldumenn, en þeir líta þó á fangelsið sem hálfgerð heimili sitt, tannbursta sig til dæmis í fangelsinu, leggja sig á ákveðnum tímum og þá mátti alls ekki trufla þá. Ég kynntist einum vinsamlegum fangaverði, hann kallaði oft í mig til að spjalla þegar ég var við vinnu og gaf mér kaffi, svona alvörukaffi! Brasilíukaffi, ekki eitthvert fangelsissull. Hann spurði mikið um Ísland. Fangar og fangaverðir voru reyndar mjög áhugasamir um Ísland og vildu að ég segði frá landinu. Fólki þótti mjög gaman og merkileg að heyra frá þessu fjarlæga landi norður í höfum.

Heimsóknir

Heimsóknir voru um helgar, laugar- dögum og sunnudögum. Heimsóknir voru ekki algengar enda var fangelsið í um 300 km frá borginni Sao Paulo. Ég fékk einu sinni heimsókn, það var

Norðmaður. Heimsóknir til fanga fóru fram inn á klefum um helgar enda engin sérstök heimsóknaráalma. Þær voru frá kl. 8.00 til kl. 16.00. Í tólf manna klefa fóru menn bara út og létu þann sem var með heimsókn hafa klefann. Þeir sýndu með því tillitsemi og virðingu.

Sparnaðarátak í fangelsinu

Einu sinni í mánuði var sparnaður í fangelsinu. Þá bara lokuðu fangaverðir álmunni í einn til þrjá daga. Engin matur var búinn til og það fékkst heldur enginn matur. Svo var kannski skellt á allsherjarleit á þriðja degi. Leitin hófst á því að fangaverðir komu æðandi inn og skutu úr byssum og vörpuðu inn reyksprengjum. Þetta var svakalegt. Ég fékk nú áfall í fyrsta skipti sem ég varð vitni að þessu. Nötraði og skalf, vissi ekki nema ætti að drepa okkur eða hvað. Ég trúði því ekki að verið væri að skjóta á klefana. Þetta var terrorismi til að sýna hver hefði valdið. Gleymi þessu aldrei. Sá skotin skella á veggnum.

Ég skrifaði heim – til utanríkisráðuneytisins og sagði frá þessu. Ekkert gerðist. Engin peningaaðstoð kom frá íslenska ríkinu en fjölskylda mín hjálpaði mér fjárhagslega. Þegar ég fékk pening gat ég keypt sjampó, rakvél og þess háttar. Já, og klósettpappír.

Stundum tóku þeir vatn af okkur svo vikum skipti. Þá urðum við að fara niður og sækja vatn úr stórrí slökkvislöngu, renna því í fötu og bera upp. Notuðum

það til að sturta niður í klósettin, þvo glösin o.fl. Þetta var hryllilegt.

Sjoppa

Í lok hvers mánaðar fengu fangar eyðublað til að fylla út hvað þeir vildu kaupa. Pöntunin var svo afgreidd um næstu mánaðarmót. Sjoppa tók aðeins við peningum og sá sem var blankur gat auðvitað ekki keypt neitt. Margir fengu smápening frá ættingjum sínum sem lagður var inn á reikning fangans í fangelsinu. En svo var fjöldi fanga sem átti pening – og margir voru ríkir. Menn gátu keypt sigarettur, ávaxtasafa, súkkulaði og klósettpappír – en þó bara fjórar rúllur á mánuði! En menn hjálpuðust líka að – lánuðu o.s.frv.

Takk fyrir!

Þegar maður hefur dvalist í fangelsi eins og þessu þá er ekki hægt annað en að þakka fyrir Litla-Hraun! Ég segi nú bara: *Takk fyrir matinn!* Enginn þarna úti gæti trúað því hvernig fangelsisvistin er hér á landi miðað við þann hrylling sem þeir búa við í brasilískum fangelsum. Og margir eiga líka erfitt með að trúa frásögnum af fangavistinni þarna úti.

Það er vissulega lærdómsríkt að hafa þennan samanburð þó ég mæli ekki með því að menn afli sér þessarar reynslu! Ég var í raun heppinn að komast lífs af úr Penitenciaría-fangelsinu.

Viðtal: HSH

FRÁ AFSTÖÐU, FÉLAGI FANGA

Verndarblaðið birtir hér valda kafla úr svari *Afstöðu* frá því í maí á þessu ári við bréfi til stýrihóps Innanríkisráðuneytisins um miðlun réttaröryggisáætlunar og vinnuhóps um áætlun um fullnustu refsinga:

Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun, er félag sem berst fyrir réttindum fanga líkt og nafnið gefur til kynna. Stjórnarmenn Afstöðu eru

allir í afplánun og eru þeir kjörnir af samföngum í kosningu. Afstaða er því rödd dómþola í málum þeim tengdum og varðar réttindi þeirra og skyldur, en að auki eru í Afstöðu aðstandendur fanga og annarra áhugasamra um framfarir í fangelsismálum. Afstaða hefur beina hagsmuni af þeirri vinnu sem stýrihópurinn sinnir og hefur margt fram að færa í þessu máli enda telur Afstaða að mikilla breytinga sé þörf

á núverandi refsikerfi. Afstaða leggur áherslu á betrun.

Hugmyndafræði

Hugmyndafræði fullnustu refsinga ætti að vera betrun í stað refsingar og fremur ætti umfjöllunarefnið að vera betrunarvist en ekki refsivist. Á Norður-löndum hefur verið sýnt fram á að vægari dómar fyrir afbrot, betri aðstaða og aðbúnaður afplánunarfanga og það



Fjölbreytilegt nám og jafnt aðgengi að því er mjög mikilvægt í augum Afstöðufélaga.

að fangavistinn hafi jákvætt innihald t.d. með bóknámi, verknámi og starfsþjálfun fyrir fanga (meðan á afplánun stendur en ekki síður eftir afplánun), hefur skilað sér í lægri endurkomutíðni í fangelsi. Það leiðir svo aftur af sér minni fjárhagslegan kostnað fyrir samfélagið allt þegar einstaklingar hafa náð betrun, snúið við blaðinu og horfið frá slæmum siðum. Vissulega getur kostnaður við fullnustu refsinga verið meiri í byrjun þegar rekin er markviss betrunarstefna en til lengri tíma litið sparar hún samfélaginu umtalsverða fjármuni.

Í núverandi fullnustukerfi er ekki rekin betrunarvist. Til þess að unnt sé að segja að rekin sé „betrunarvist“ hér á landi verður að vera um að ræða *betrunarstefnu*. Slík stefna er ekki til. Betrunarstefna verður að hafa ákveðin markmið sem eru mælanleg til þess að fá upplýsingar um hvort stefnan beri árangur eður ei. Sá árangur verður væntanlega best mældur með því að skoða hvort endurkomum dómþola hafi fækkað. Þessi atriði verða að vera mæld og rannsökuð sérstaklega og æskilegt er að það sé utanaðkomandi aðili en ekki Fangelsismálastofnun sem geri slíkt reglulega með úttekt eftir fyrirfram ákveðnum forsendum um það hvernig endurkomutíðnin skuli reiknuð og mæld. Þá er sérstaklega mikilvægt að stjórnvöld sýni fram á skilvirkni

aðgerða sem fela í sér mesta inngrip sem ríkisvaldinu leyfist að hafa í líf þegna sinna með hlutlausum og áreiðanlegum mælikvörðum.

Yfirvöld hérlandis kalla refsivistina stundum betrunarvist og vissulega hafa verið tekin nokkur skref í rétta átt en því miður er enn langt í land. Dómþolar eru t.d. dæmdir til refsingar og hvergi er í lögum minnst á „betrun“. Námsframboð er afar takmarkað og fjárhagsleg aðstoð vegna kostnaðar við nám er af skorum skammti. Aðgengi til náms er mismunandi eftir fangelsum og aðilum þannig mismunað. Mjög algengt er að dómþolar með styttri dóma (12-18 mánuði) sem eru með mál í kerfinu fái ekki reynslulausn og önnur réttindi, t.d. dagsleyfi, sem aðrir dómþolar fá.

Nám sem liður í betrunarvist

Dómþolar á Vernd eiga erfitt með að stunda nám vegna þess kostnaðar sem þeir bera af verunni þar. Mjög fáir dómþolar stunda háskólanám. Tímanum sem menn eru í afplánun er því sóað og hætta er á því að dómþolar komi aftur út í samfélagið forhertari en áður, nema vilji þeirra sjálfra til betrunar sé þeim mun sterkari og þeir berjast sjálfir fyrir rétti sínum. En til þess að brjóta ákveðinn vítahring neyslu og afbrota þarf mikið að koma til, ekki síst utanaðkomandi faglegur stuðningur og hvatning. Margir

dómþolar hafa aldrei unnið á almennum vinnumarkaði. Engin starfsendurhæfing, starfsþjálfun eða stuðningur fer fram eftir að afplánun lýkur.

Betrunin ætti að byggjast á mannúðarsjónarmiðum, menntun, sálfræði- og vímuefnaðferðum. Tófstundir, nám og vinna ætti að vera fjölbreytt og lækniþjónusta, sálrænn stuðningur, félagsráðgjöf og sálgæsla til fyrirmyndar. Vistarverur ættu að vera boðlegar og fangaverðir sérþjálfaðir í betrun. Samskipti fangavarda og fanga þurfa að vera góð og um samstarf þarf að vera að ræða.

Framtíðarsýn

Meðalhóf stjórnslulaga segir til um að vægasta úrræði skuli beitt að settu markmiði. Í því ljósi ættu menn með styttri dóma vegna ungs aldurs eða við fyrsta brots að vera gefinn kostur á því að afplána dóm með rafrænu eftirliti, líkt og gert er annars staðar á Norðurlöndum. Menn sem hefja afplánun ættu að fara í ýtarlegt mat á líkamlegu og sálrænu heilbrigði og hljóta meðferð í samræmi við það. Taka ætti tillit til öryggis þeirra og annarra varðandi ákvörðun um vistunarstað. Fjölbreyttari úrræði þarf í fullnustu dóma og með tilliti til meðalhófs ættu fangar að hefja afplánun í opnu úrræði, sé þess kostur, og ef það telst ekki mögulegt sökum öryggisreglna ætti að fylgja rökstuðningur fyrir öðru og mönnum gefinn kostur á að bæta ráð sitt með markvissri áætlun.

Allir einstaklingar sem eru í afplánun verða að eiga jafna möguleika á tækifærum eins og opnum úrræðum, dags- og helgarleyfum og reynslulausnum, hvort sem er eftir helming afplánunar eða 2/3 hluta hennar. Engu máli á að skipta hvort einstaklingurinn sé í fyrsta skipti eða 20. skipti í afplánun og hvort einstaklingurinn hafi eins árs dóm eða 20 ára. Allir verða að eiga jafna möguleika á öllum úrræðum og er það lykilatriði, því annars mun betrunarkerfið aldrei virka og þar af leiðandi verða einstaklingarnir aldrei jafnir.

Mjög misjafnt er hvenær á lífsleiðinni einstaklingurinn finnur hjá sjálfum sér að nú sé tími til að koma reglu á sitt líf og að nú verði allt gert til þess að betra sig, því er mikilvægt að öll úrræði séu til staðar á þeim tímamarki.

Viðtal við fanga á Litla-Hrauni:

MARGT AF ÞESSU ER Í ÞOKU...

Hann situr inni á Litla-Hrauni. Kannast vel við staðinn því hann var sautján ára þegar hann kom fyrst þangað. Það hefur margt breyst. Samtals hefur hann afplánað þrettán ár í fangelsum landsins. Nú er hann rúmlega fertugur og segir þetta vera sína síðustu úttekt. Það hefur hann aldrei sagt áður. Þess vegna eru tímamót í lífi hans.

Veröld drengs breytist

„Ég ólst upp í litlu þorpi úti á landi. Var snemma fyrirferðarmikill og ódæll. Ég stalst í spírann hjá pabba þegar ég var 12 ára – kallinn var að búa eitthvað til fyrir sjálfan sig. Það varð ægilegt fylleri úr þessu, ég ældi eins og múkki og löggan fór með mig heim. Það var svakalegt. Já, ég rakst illa í skólanum og var rekinn úr honum um 13 ára aldur. Ég var sendur á Unglingaheimili ríkisins á Kópavogsbraut 17. Var á heimilinu fyrst í tvo mánuði og kynntist þar krökkum sem hugsuðu eftir svipuðum brautum og ég, létu sér ekki segjast og gerðu það sem þeim datt í hug.“

Lífið breyttist hjá honum þegar faðir hans dó en þá var hann fjórtán ára. Faðir hans var sjómaður lengst af og mikill vinnuþjarkur. Það komst meira rót á fjölskylduna og hún fluttist í bæinn úr litla þorpinu. Hann var sjálfur allt til sextán ára aldurs meira og minna á unglingaheimilinu í Kópavogi. Fór í vinnu af og til – aðallega byggingavinnu.

Strax upp úr fjórtán ára aldri fór hann að stela úr búðum og brjótast inn – eins og flestir í nærhópi hans fengust við. Hlemmur hafði mikið aðdráttarafl – hann dróst að pönkurunum í lok blómaskeiðs þeirra og var fljótt kominn með myndarlegan hanakamb sem hann var stoltur af – og húðflúr. Hann elti pönkarana á röndum – þetta var árið 1987.

„Það var svona hressilegur pönkari í manni, maður var uppi á móti öllu. Vildi fara sína eigin leið í lífinu, ráða öllu og vera sinn herra. Engin málamiðlun. Maður gat ekki séð sig sem 9-5 kallinn,“

segir hann kankvís á svip í klefarökrinu á Litla-Hrauni tæpum þrjátíu árum síðar.

Lífið á jaðri samfélagsins var heillandi í augum hans aldrei sem fyrr og tók hann þátt í hústökum hér og þar í bænum. Lögreglan hreinsaði annað slagið út og honum var smellt á Unglingaheimilið sem fyrr.

„Skúffumál“

Fyrsta úttektin á Hrauninu var yfir eitt ár og hann átti fjöldann allan af málum í kerfinu.

„Það var aldrei dæmt allt í einu – rannsóknarlögreglan var með svona „skúffumál“ eins og það var kallað. Ef lögreglan vildi losna við mann af götunni var bara eitthvert skúffumálið pikkað upp og manni skellt inn. Þetta var um tíma samsafn af stuttum úttektum. Maður kom oft því alltaf voru einhver mál í kerfinu sem þurfti að dæma og afplána fyrir. Í raun var erfitt að losna úr klóm réttvísinnar því skúffan var alltaf hálf full og takmarkaður áhugi fyrir því að tæma hana. Eftir fyrstu úttektina á Hrauninu flutti ég í bæinn og lif mitt mótaðist af óreglu og neyslan var stundum ótæpileg. Afbrot fylgdu í kjölfarið. Einhvern veginn þurfti maður að lifa.“

„Harlem og Laugavegur“

Þegar hann kom í sína fyrstu úttekt á Litla-Hraun var óheftur samgangur á milli gamla hússins sem tekið var í notkun 1929 og þess sem var opnað 1972 og kallast nú hús þrjú. Þar var allt í einni kös og innan um voru líka geðsjúkir fangar fyrir tíma réttargeðdeildarinnar. Klefarnir í gamla húsinu voru oftast kallaðir skápar því þeir voru svo litlir. Efri hæðin í gamla húsinu var kölluð *Harlem* og gangur á neðri hæðinni kallaðist *Laugavegurinn*. Á honum miðjum var „búr“ sem fangavörður sat jafnan í. Varðstofan var svo fyrir innan á neðri hæðinni. Klefarnir í húsinu frá 1972 þóttu góðir og hæðirnar tvær kallaðar stundum lávarðadeildirnar. Það þótti lúxus að fá klefa þar.



Fangagangur á Litla-Hrauni í húsinu sem tekið var í notkun 1972. Þessi gangur var gjarnan kallaður „Laugavegurinn“ eins og fram kemur í viðtalinu því um hann var mikil umferð fanga á milli gamla hússins og þess nýja.

Heimsóknir fóru fram á klefum og það gat orðið nokkuð þröngt ef fleiri en einn komu. Fræg er sagan um minnsta klefann þegar sagt var að ef einhver kæmi í heimsókn þá þyrfti fanginn að fara út! Það var lítið um að leitað væri á fólki. Þess vegna flaut hitt og þetta inn í fangelsið.

„Það var mikil neysla og hún var oft áberandi – og lítið svo sem gert við því. Við vorum til dæmis látnir eiga okkur þegar við vorum að reykja kannabis. Þá var líka allt rólegt. „Eins og á vöggustofu,“ – en það var orðatiltæki á Hrauninu þegar spurt var hvernig ástandið væri. Verra var þegar menn komust í læknaðópið en læknar voru sumir nokkuð pennaglaðir á það og menn voru á fá hitt og þetta. Þá gat allt orðið kolruglað. Stundum sögðu menn að þegar læknaðópið flaut hvað mest á Hrauninu þá hefði það verið eins og að fara úr einu partiinu í bænum í annað hingað austur. Nema hvað hér var meira stuð!

Fangelsisvinna og daglegt líf

Línur voru nokkuð hreinar hérna fyrir austan. Það var vinnuskylda og klefar opnaðir kl. 8.00 á morgnana og þeim lokað 11.30 á kvöldin. Ef þú vildir ekki vinna þá varstu bara læstur inni á klefanum þann daginn og gast þá dolað þar í þínu og slakað á. Lesið, teiknað og hlustað á tónlist. Ég hef unnið hér á Hrauninu í hinu og þessum gegnum árin. Hellusteypan var drjúg og þar var

ég oft. Það er ógleymanlegt þegar ég keyrði steypu í sökkla á nýju girðingunni en sú gamla var hálfgerð grín. Þegar sú nýja var komin fékk maður hálfgerð sjokk! Það var ekta fangelsisgirðing. Ég hef verið á lyftaranum, verkstæðinu og í stóra gróðurhúsinu þegar það var og hét – síðar var það rífið. Svo var ég í *gúlaginu* en svo voru störfín kölluðu sem snerust um að hreinsa svæðið af alls konar rusli. Ég fór ekki mikið í skólann sem hér var – hafði ekki heldur klárað grunnskólann á sínum tíma. En ég tók vinnuvélaréttindi, logsuðuna og pungaprófið. Það var fínt.

Fyrstu árin sem ég kom hingað voru menn með útvarpstæki inni á kleanum og plötuspilara eða segulband. Menn lásu dálítið og er ég ekki frá því að þeir hafi lesið meira þá en nú. Það var eitt sjónvarpstæki á ganginum sem var þá eins og stofa. Við sátum líka hér oft við borð og spiluðu casínu og póker. Nú, eldhúsið var niðri í gamla húsinu og þangað fórum við í mat áður en bakkamaturinn kom til sögunnar og síðan eldamennskan sjálf á deildunum. Mér fannst maturinn bara finni. Kokkurinn var lengi vel norskur ef ég man rétt. Hann keypti einu sinni heilan hval og þá var hvalur í öll mál! Þó ekki sjórekinn! Fangaverðir voru líka finir kallar. Gæðakallar, margir smábændur hér í grenndinni – já eðalmenn. Mér finnst tengslin við þá hér fyrir hafa verið miklu persónulegri. Nú koma þeir lítið inn á deildir nema til að gefa lyf eða leita að einhverju sem ekki á vera hér. En auðvitað hittir maður þá á vinnustöðunum og stundum í útivistinni. Og maður veit alltaf af þeim þarna á bak við vegginn – eða glerið!

Ég var mikið hér áður fyrir í fótbolta og hann var mjög vinsæll. Lyftingarnar heilluðu alltaf og eftir að íþróttahúsið kom þá varð hér algjör bylting í aðstöðu til íþróttæfinga.

Farið allan fangelsishringinn

Maður hefur náttúrlega kynnst mörgum hér á Hrauninu. Það var rúttína á þessu öllu – alltaf sömu mennirnir meira og minna. Margir með mál í kerfinu þegar þeir losnuðu. Sá breytingu á þessu eftir að nýja húsið hér á Hrauninu kom árið 1995. Menn komu sjaldnar, að mér finnst. Lengsta afplánunin mín, samfelld, var þrjú ár. Ég hef farið

allan fangelsishringinn, verið í öllum fangelsunum um lengri eða skemmri tíma. Mikið af þessum tíma er í þoku – allt þokukennt. Eins og einn langur og leiðinlegur dagur. Ég get líka sagt að stundum hafi Litla-Hraun bjargað mér þegar neyslan þarna úti var komin á lífshættulegt stig.

Þetta var dálítill vítahringur sem erfitt var að rjúfa. Maður kom hingað, átti vini hér úr bransanum og eignaðist stundum vini – flestir neysluvinir og sú vinátta er óstöðug. Og margir þeirra eru dánir úr neyslunni eða einhverju sem henni tengist. Maður lærði ýmsa klæki af þeim sem eldri voru og leit upp til þeirra. Tók upp þráðinn þegar maður losnaði þar sem síðast var hætt til að bjarga sér fjárhagslega og það voru afbrot. Oftast skrölti maður í bæinn með rútunni eða einhver vinur eða kunningi sótti mann.

Hamingja og áföll fyrir utan fangelsisvegginn

En líf mitt utan fangelsis telur auðvitað fleiri ár en innan þess. Það hefur líka mótast af tímabilum óreglu og baráttu við að halda sig frá henni. Ég hef átt heimili og búið með konum – var kvæntur tveimur þeirra. Og hef auðvitað upplifað hamingjuna að vera frjáls maður og í góðu standi – og fjölskyldumaður. Það var einhvers konar tegund af fjölskyldulífi – við höldum heimili saman og ég var á bremsunni – eins og sagt er – gagnvart neyslu. Var á bótum og seldi landa um tíma – vann hitt og þetta svart. Þetta var ágætis tími svo sem. En neyslan, hún eyðileggur öll sambönd. Ég er búinn að fara nokkrum sinnum í meðferð, næ þetta upp í sjö átta mánuðum. Kominn í sex mánuði núna.

Það hefur gengið á ýmsu í lífi mínu svo ekki sé meira sagt. Um tíma bjó ég í Danmörku og þar fékk ég sýkingu vegna óhreinna sprautunálar sem leiddi til þess að ég lá í dái í tvær vikur – og „dó“ tvisvar sinnum! Það var búið að reyna að vekja mig og ekkert gekk. Sumir læknar töldu að ég yrði eins og hvert annað grænmeti ef ég vaknaði á annað borð. En það rættist nú ekki sem betur fer. Þegar ég vaknaði var hægri hliðin á mér lömuð og það varð að flytja vöðva héðan og þaðan til að tjasla upp á hreyfigetu líkamans. En eftir þetta er ég einfaldlega sjúklingur og



Ekkert er einfalt – einn lykill dugur ekki.

stunda sjúkrahjálfun. Ég flutti heim frá Danmörku eftir tveggja mánaða dvöl á sjúkrahúsi. Þar átti ég danska kærustu og hún var ekki í neinum fíkniefnum eða rugli. Við bjuggum saman og hún var árinu eldri en ég. Meðan ég var heima á Vogu í meðferð dó hún úr meðfæddum hjartagalla. Það var hræðilegt áfall. Ég gerði strax hlé á meðferðinni og fór til Danmerkur til að vera við útförina. Þar var ég í nokkra mánuði og fór svo heim með sorg í hjarta.

En sérðu eftir þessum tíma sem þú eyddir í þennan lífsstíl? Hann horfir um stund út um gluggann á Hrauninu – það brimar úti fyrir á hafnlausri ströndinni. Já, eins og hefur kannski brimað úti fyrir hans hafnlausa lífi.

„Þetta er auðvitað búið að vera rosalegur skóli – ef maður getur notað það orð... lífið er eitt ferðalag... búið að vera rosalegt ferðalag... veit það ekki og hvort maður geti nokkuð sjálfur metið það – sé ekki beint eftir þessu þegar maður horfir aftur... hefði náttúrlega geta notað tímann í eitthvað betra... svona var þetta....“

Kannski eru tímamót hjá mér núna. Ég stefni að því koma ekki aftur – hef aldrei áður stefnt að því... komið nóg.... gamlir dómar sem ég er að taka út eftir að hafa verið í Danmörku.... nenni ekki að standa í þessu, heilsan orðið lélegri, líkaminn bíður ekki upp á þetta – fokkaði upp fyrri hlutanum á ævinni og ætla að eiga seinni góðan... Já, þetta er kannski svarið við spurningunni hvort ég sjái eftir þessum tíma í sukkinu og því sem fylgdi þeim ósköpum.“

Og hvert ferðu þegar fangavistinni er lokið hér – og þú á tímamótum? „Gæti farið til bróður míns meðan ég er að finna eitthvað, stefni að því að fara á Vin, hjá SÁÁ – tveggja ára meðferð. Stefni að því að koma mér út úr þessu, heilsan leyfir þetta ekki lengur.“

Viðtal: HSH

Hreinn S. Hákonarson:

ÍSLENSKAR FANGELSIS- BÓKMENNTIR

Íslenskar fangelsisbókmenntir eru ókannaður akur og geymir örugglega margt sem kemur fólki á óvart. Margur vel ritfær maðurinn hefur setið í fangelsi en aðeins örfáir greint frá þessari reynslu sinni í bók eða í blöðum. Þá er ekki óalgengt að gæsluvarðhaldsfangar haldi dagbók og skrifi ljóð – og stundum hvattir til þess að létta á huga sínum með þeim hætti. Fyrir nokkrum árum var haldið námskeið í skapandi skrifum á Litla-Hrauni þeim til ánægjuauka sem tóku þátt í því. Kannski það skili einhverju síðar – hver veit. Hér verður stuðst við mjög svo víðtæka skilgreiningu á fyrirbærinu fangelsisbókmenntir, það bíður kannski seinni tíma að skilgreina það ofan í kjölinn. Hvort unnt sé að tala um þær sem sérstaka bókmenntagrein skal ósagt látið að sinni.

Einhver skilgreining?

Undir heitið fangelsisbókmenntir eru sem sé settar allar þær bækur sem eiga það sammerkt að höfundur hefur kynnst fangelsiskerfinu á eigin skinni sem fangi, starfsmaður, ættingi o.s.frv. Hér er átt við verk ævisögulegs eðlis, ljóð og sögur, almennar frásagnir og greinaskrif. Verk þeirra fræðimanna sem rannsakað hafa fangelsi og fangavist og skrifað út frá því bók falla þó ekki að þessari víðtæku skilgreiningu. Við mäsvo bæta þeirri sögu sem fest er á filmu eins og kvikmyndina um Lalla Johns frá 1997. Einnig leikritið *Grjótharðir* eftir Hávar Sigurjónsson sem sýnt var í Þjóðleikhúsinu 2005 (og var m.a. sýnt á Litla-Hrauni), en vettvangur

þess var líf fanga inni á fangadeild. Þá má og nefna þáttaröðina *Fangavaktina* frá árinu 2009. Þessi víðtæka skilgreining stendur nálægt skilgreiningu bandaríska bókmenntafræðingsins, H. Bruce Franklin sem hann ræðir í inngangorðum bókarrinnar *Prison Writing in 20th-century America* frá 1998. (Svona til einföldunar þá mætti svo sem tala um *fangelsisfrásagnir* sem yfirheiti og undir það mætti setja bókmenntaverk, kvikmyndir, ballett, o.fl. Skilyrðið væri aðeins eitt að tengslin við fangelsi væru ljós: verkið hafi orðið til í fangelsi og/ eða vegna reynslu af veru þar; eða tengsla við einhvern sem þar hefur verið innanbúðarmanneskja.)

Meginspurningin andspænis fangelsisbókmenntum/fangelsisfrásögnum hlýtur að vera sú á hvaða hátt viðkomandi verk endurspeglir þann veruleika sem er bak við lás og slá, samfélag fanga og fangavarda. Samfélag fanga er eins og hvert annað samfélag, smækkað samfélag af hinu stóra sem liggur fyrir utan það. Rammi fangelsisins er miklu þrengri en ramminn fyrir utan og það setur mark sitt á fangasamfélagið.

Fyrstu verkin þar sem Litla-Hraun er bakgrunnurinn

Einhverjum datt í hug að setja saman kvæði undir lagboðanum: *Sú rödd var svo fögur*, og skýldi sér bak við dulnefnið *Armóður Vergangsson frá Húsgangsstöðum* en ekki er vitað hvert hið rétta nafn hans er en hann er líka útgefandinn. Kvæðið er 39 erindi, auk



Hér getur að líta stafla af bókum sem teljast til fangelsisbókmennta.

vísu um dulnefni höfundar, 12 blaðsíður og yfirskrift þess er: *Æfiminningar frá Letigarðinum* og kom út árið 1935 í sérprenti frá prentsmiðjunni Odda. Höfundur gaf út sjálfur. Kvæðið er ágætlega kveðið og í því má lesa í stuttu máli sögu manns sem fékk að dveljast um tíma á „Garðinum“. Nokkrir þeirra sem að fangelsismálum komu á þeim tíma fá inni í þessu kvæði, embættismenn fyrir sunnan og læknar fyrir austan. Þá er að sjálfsgöðu Sigurður Heiðdal, forstjóri Litla-Hrauns, kvaddur til „sem skærasta blómstur á mannfélagshaugnum“. Hann á mikið lof skilið að áliti höfundar því „hann hlustar á jarminn við Jónasar hof.“ Og Jónas er auðvitað sá er var dómsmálaráðherra er Litla-Hraun var tekið í notkun sem fangelsi árið 1929 – frá Hriflu. Og læknirinn kallar á prest: „Þó sálrænu veikindin séu hér verst, sízt verður læknirinn á þessu hlessa, hann skipar í hveli að skaffa okkur prest, með skelfingar fumi er byrjað að messa, svo hlustum vér á þennan göfuga gest, sem gólar og hrín þegar hann á að blessa.“ (Bls. 7).

Þá kemur verkstjóri á Litla-Hrauni við sögu sem nýtur starfsmaður. Og að sjálfsgöðu er getið um matsveininn sem sagður er „aflaga meltingu dýra og manna“ og matseld hans fær ekki góða

dóma nema: „Hans eigin líkami blómgast hér bezt, /sem bumban á maganum hlýtur að sanna.“

Auk vinnu fanganna er bruggun ofarlega á baugi í ljóðinu en þeir fengu bakarager í búrinu og sykur: „Garðurinn“ angar af „súrlyktarmekki“. *Æfiminningar frá Letigarðinum* er sjaldséð verk og aðeins þrjú bókasöfn á landinu eiga kvæði þetta og auk þess höfundar þessarar greinar.

„Því dæmist rétt vera...“ er fyrsta útgefna skáldsagan sem byggði á reynslu höfundar af fangavist á Litla-Hrauni. Hún kom út 1936 og höfundur var Vernharður Eggertsson (1909-1952) sem síðar tók sér skáldanafnið Dagur Austan og var ágætlega pennafær maður. Í bókinni segir höfundur frá flóttu úr fangelsinu á Litla-Hrauni og ýmsum ævintýrum sem komu í kjölfar hans. Hann segir í formála að bókinn sé þáttur úr væntanlegri ævisögu (sem kom reyndar aldrei út) sem og svar til manna sem hafa svívirt hann „persónulega, bæði opinberlega og innbyrðis meðal kunningja og vina“ (bls. 3) og svarinu sé einnig beint til forstöðumannsins á Litla-Hraun sem logið hafi upp á hann ýmsu í blöðum. Bók þessi er 94 blaðsíður í litlu broti. Þorlákur Axel Jónsson hefur ritað bók um ævi Vernharðs og kom hún út árið 2009: Dagur Austan: *Ævintýramaðurinn Vernharður Eggertsson*.

Jóhannes Birkiland (1886-1961) lifði við fátækt og óreglu og sagði frá því í bók sinni *Hálft annað ár úr lífi mínu*, sem kom út 1935, að hann hefði að eigin frumkvæði látið vista sig á Litla-Hrauni og þá sem frjáls maður, (bls. 36): „Þó ég hefði aldrei glæp framið, var ég neyddur að leita mér hælís í fangelsi. Lengra verður ekki komist í auðnuleysi og ógæfu.“ (Bls. 37). Vistin á Litla-Hrauni var slæm og var ekki staður fyrir „líkamlega bilaðan mann“ (bls. 37) vegna þess að fangarnir voru í áflogum og létu Jóhannes ekki í friði – hann gat ekki slegist: „var mér ekki hlíft við höggum og meiðslum á Litla Hrauni“ (bls. 36), sagði hann. Jóhannes kvartaði við forstjórann sem ekkert gerði í málum. Segir hann fangana hafa litið á forstjórann sem „aðgerðalaus og ábyrgðarlausan meinleysing, er ekkert kæmi þeim eða hælínu við.“ (Bls. 38). Matarlyst Jóhannesar var dauf þennan

tíma í fangelsinu og þegar hún var einhver tregaðist matreiðslumaðurinn við að láta hann fá til dæmis mjólk. Þessi matreiðslumaður var „fitupúki mikill, er lét fanga vinna þau verk, sem hann var sjálfur ráðinn til þess að gera, var ærið uppivöðslusamur og ónægætinn við mig“, segir Jóhannes (bls. 38). Jóhannes fór síðar af Litla-Hrauni daginn eftir að hann var rotaður af samföngum sínum (bls.38). Þessa frásögn endurtekur hann að hluta til í bók sinni *Harmsaga ævi minnar – hvers vegna ég varð auðnuleysing*, í annarri útgáfu frá árinu 1948 en sú fyrsta kom út 1945. Þar talar hann um *Letigarð Ríkisins og segir hann* „rómað sem fangelsi og að sumu leyti að verðugu“ (bls. 281). Það var betra að vera á *Letigarðinum* að sumri til en vetri. Færri vildu taka út dóma að sumri til og segir Jóhannes að menn hafi getað valið sér tíma.

Örlög á Litla-Hrauni kom út 1957 og geymdi nokkrar skáldlegar frásagnir af föngum sem þar höfðu verið í fangavist. Af sjálfu leiðir að söguviðið er fangelsi, Litla-Hraun, og það þekkir höfundur manna best og sögupersónunum sínum hefur hann kynnst í starfi. Það er líka rækilega tekið fram að „breytt er nöfnum allra þeirra, sem við sögu koma í eftirfarandi þáttum.“ (Bls. 6). Höfundurinn var Sigurður Heiðdal (1884-1972) og var fyrsti forstöðumaður Litla-Hrauns eða frá árinu 1929-1939. Hann hafði fengist við ritstörf og nokkrar bækur eftir hann voru gefnar út. Í bókinni *Örlög á Litla-Hrauni* er sjónarhorn forstöðumannsins í fyrirrúmi. Hann lýsir samskiptum sínum við fangana og kemur fram á vissan hátt sem faðir þeirra og sýnir þeim umhyggju og virðingu. Í lok bókarinnar er skýrsla um Litla-Hraun frá starfstíð hans. Af frásögnum höfundar má sjá hvað fangar höfðu fyrir stafni í fangelsinu (vinnuhælinu) og hvernig högum þeirra var háttað þegar út var komið.

Umtöluð sakamál í bókum

Stefán Unnsteinsson sendi frá sér árið 1980 bókina *Stattu þig strákur – Þættir af Sævari Ciesielski*. Höfundur segir frá kynnum sínum af Sævari (1955-2011) áður en Guðmundar- og Geirfinnsmál komatilsögunnar. Þeir kynnaðist í fiskvinnu

vestur á fjörðum og höfundur kann ágætlega við Sævar þó hann sé úr öðrum jarðvegi en hann. Sævar heimsækir hann meðal annars til Kaupmannahafnar en þar var höfundur við nám. Eftir lýsingu á kynnum þeirra hefst frásögn í fyrstu persónu og það er Sævar sem segir sögu sína. Það er sjálfsmýnd Sævars. Þá myndir annarra af Sævari og síðar nokkrir þættir úr mótunarsögu afbrotamanns. Í bókinni fá flest sjónarhorn að njóta sín, hún er skrifuð af yfirvegun og textinn persónulegur enda þekkti höfundur Sævar. „Mig langaði ekkert útá vinnumarkaðinn, mér leist ekkert á þjóðfélagið, fannst þetta vera helvítis skítur allsaman“, segir Sævar (bls. 39) og andfélagslegur tónn leynir sér ekki. Segir frá suksömu lífi sínu, afbrotum og yfirheyrslum. Hann segir frá vist sinni á Litla-Hrauni og fannst lífið þar tilbreytingalaust. Strákarnir stunda lyftingar, eru í fótbolta og póker. „Ég er mikið einn, á erfitt með að samlagast hinum föngunum. Það er einsog fangelsi drepri lífslöngunina í mönnum, hið tilfinningalega þurrkast út.“ (Bls. 69). Í þessari yfirlitsgrein er rétt að geta þess að nokkrar bækur hafa komið út um Guðmundar- og Geirfinnsmálið og sömuleiðis hafa verið gerðir um það sjónvarpsþættir. Þar er fangelsi söguvið sem er í bakgrunni: *Áminntur um sannsögli*, eftir Þorstein Antonsson, kom út 1991, *Dómsmorð – Endurupptökubeiðni Geirfinns- og Guðmundarmála*, Sævar Ciesielski, er skrifaður fyrir þessari greinargerð og samantekt, 1997 (1995); *19. nóvember – Æviminningar Hauks Guðmundssonar fyrrverandi lögreglumanns*, 2010, en þetta var dagurinn sem Geirfinnur Einarsson hvarf; *Á jaðrinum 2: Þú skrínlagða heimska* – Heimildasaga, eftir Þorstein Antonsson, kom út 2013, og er samvinnuverkefni milli Þorsteins og Sævars. En Sævar segir þar m.a. : „Fyrstu kynni mín af Litla-Hrauni voru slæm. Ég var strax færður í klefa númer tíu, sem kallaður er „Skápur“.“ Síðan segir hann frá því hvernig honum var gert að fleygja pappírnum sem hann hafði haft meðferðis á Hraunið og hafði verið að grúska í.

Magnús Leópoldsson rauf þögn um langt gæsluvarðhald sitt í bókinni: *Saklaus í klóm réttvísinnar*. Sú saga var

skráð af Jónasi Jónassyni, útvarpsmanni, og kom út 1996. Magnús var árið 1976 saklaus hnepptur í gæsluvarðhald vegna Geirfinnsmálsins. Bókin er kraftmikil og frásagnirnar eftirminnilegar – sér í lagi þar sem hann segir frá líðan sinni í „klóm réttvísinnar.“ Lýst er málavöxtum og aðbúnaði í Síðumúlafangelsinu í Reykjavík. Þá er fjallað um eftirmál þar sem farið var fram á skaðabætur. Mikilvægi fangaprests þjóðkirkjunnar kemur mjög fram þar sem sagt er frá sr. Jóni Bjarman og störfum hans í tengslum við þetta mál.

Erla, góða Erla, er endurminningabók Erlu Bolladóttur, og kom út 2008. Þetta er rúmlega 400 blaðsíðna bók og segir hún sögu sína. Hún er vel skrifuð og hreinskilin. Kunnust er Erla Bolladóttir fyrir tengsl sín við mjög svo umdeild sakamál sem nefnd voru Guðmundar- og Geirfinnsmálið. Lýsir hún aðbúnaði í fangelsunum á sínum tíma, og kynnum sínum af þeim er þar störfuðu. Þá segir hún frá því að einn rannsakendanna í málinu hafi nauðgað sér (bls. 229-230). Hún kærði síðar nauðgunina en málið var fyrnt. Einnig hafi fangavörður í Síðumúlafangelsinu káfað á henni nótt eina og hún kvartaði undan því við stjórnendur rannsóknarinnar. Eftir það lét fangavörðurinn hana óáreiða en sýndi henni aðeins fyrirliðningu (bls. 223). Erla segir svo frá vist sinni í Hegningarhúsinu en þýski rannsakandinn sem kominn var til skjalanna taldi ekki forsvaranlegt að vista hana í Síðumúlanum þar sem aðeins karlmenn sinntu fangavörslu. Andrúmsloftið í Hegningarhúsinu minnti hana á dýflissu (eins og hún ímyndaði sér slíkt fyrirbæri.) Síðar fékk Erla skilorðsbundinn dóm fyrir fjárvik og þriggja ára óskilorðsbundinn dóm fyrir meinsæri. Hún hóf afplánun sína í Akureyrarfangelsinu sem þá var kvennafangelsi og gekk þaðan út í ágústmánuði 1981, frjáls kona.

Frásagnir og minningar úr þjónustu við fanga

Sr. Jón Bjarman (1933-2011), var fangaprestur þjóðkirkjunnar um sextán ára skeið, frá 1970-1986. Hann var jafnframt ljóðskáld og vel ritfær maður. Árið 1981 sendi hann frá sér bókina *Sögur úr þjónustu* sem var skáldverk. Ein

frásögnin í henni ber nafnið *Hve gott og fagurt* og segir frá þjónustu hans sem fangaprests. Segir þar frá samtali prests og fanga í gæsluvarðhaldi og í kjölfarið gefur presturinn fangann og unnustu hans saman. Lokaorð sögunnar eru: „Þegar ég geng Skólavörðustíginn og sé drungalegan grásteininn og bogadregnar línur gluggahleðslunnar á húsinu númer níu fer hrollur um mig. Þá hugsa ég með sjálfum mér, það getur allt gerst.“ (Bls. 88).

Sr. Árelíus Níelsson (1910-1992) var sóknarprestur á Eyrarbakka og sinnti vinnuhælinu á Litla-Hrauni 1943-1952 sem prestur. Hann sendi frá sér æviminningar sínar árið 1988: *Horft um öxl af Hálogalandshæð*. Í einum kafla minninga sinna segir hann frá nábylinu við Litla-Hraun og hvernig hann kynntist persónulega afbrotamönnum fimmta áratugarins. Segir hann að það hafi verið „góður skóli í sumarlandinu við hafið.“ (Bls. 322). Sr. Árelíus var kunnur mannúðarmaður á sinni tíð og eftirfarandi hugsun vaknaði hjá honum í heimsóknum hans á „hælið“ þegar hann bjó á Eyrarbakka: „Hugsjónin betrunarvist og blessunarhæli í stað refsivistar og hefnandi réttlætis varð æ vakandi í vitund minni.“ (Bls. 322). Frásögn hans af kynnum sínum af flóttamanni frá Póllandi sem var vistaður á Litla-Hrauni er afar hjartnæm og höfundu lík. (Bls. 323-326). Kynni hans af föngum frá Eyrarbakkaárum hans mótuðu hann alla tíð og var hann ætíð málssvari lítilmagnans og utangarðsmanna.

Árið 1999 kom út sjálfsævisaga sr. Jóns Bjarman, (1933-2011), fangaprests þjóðkirkjunnar: *Af föngum og frjálsum mönnum*. Hann segir þar frá því hvernig starf fangaprests kom til sögunnar og samstarfi sínu við fangahjálpinu Vernd. Sr. Jón segist stundum hafa verið spurður að því hvort fangarnir hafi ekki verið „erfiður akur að erja“, þeir hljóti flestir að hafa verið trúlausir. „Svo var ekki, í þeirra hópi voru afar trúræknir einstaklingar. Líti hver í sinn eigin barm þegar meta skal trúna,“ segir hann. (Bls. 250). Sr. Jón Bjarman stóð rækilega við hlið fanga þegar honum fannst fangelsisýfirvöld ósanngjörn og er kunnur fyrir gagnrýni sína á rannsóknina

í Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Skrifaði bréf til dómsmálaráðuneytisins vegna harðræðis sem fangar máttu sæta í Síðumúlafangelsinu þar sem hann krafðist þess að málið yrði rannsakað.

Skáldverk og endurminningar

Titillinn er hispurslaus: *Ég skrifaði mig í tukthúsið*. Það er saga Valdimars Jóhannssonar, útgefanda, (1915-1999) sem Gylfi Gröndal skráði og kom út 1995. Valdimar segir frá þrjátíu daga fangavist sinni í Hegningarhúsinu í Reykjavík. Hann fékk þó leyfi til að vera heima hjá sér á jólnum – kom aftur annan daga jóla! Þetta var á stríðsárunum og hafði hann verið dæmdur fyrir skrif sín í blaðið Þjóðvörn – fyrir að móðga Breta og fékk á sig landráðadóm. Kápumynd bókarinnar segir sína sögu. Hún er af sögumanninum, Valdimar, þar sem hann stendur við dyr Hegningarhússins frakkaklæddur og með hatt á höfði og teppi undir handlegg. Mættur til afplánunar. Valdimar segir frá lífinu í Hegningarhúsinu og kynnum sínum af fangavörðum. Hann las mikið þennan mánuð í fangelsinu og segir um vistina: „Mér leið sem sagt ágætlega í fangelsinu.“ (Bls. 177).

Síðbrotamaður sendi frá sér skáldsögu árið 2005, *Bæjarins verstu*. Nafn hans var Hreinn Vilhjálmsson, og hann var kynntur á bókarkápu sem örlagaróni með annan fótinn í fangelsum árum saman. Ólst upp í braggahverfi í Reykjavík og fór snemma í óreglu og afbrot. Sagan er einhvers konar sjálfsævisögubrot og lýsir lífi sem mótast af óreglu, siðleysi og glæpum. Frásögnin er heiðarleg og yfirþyrmandi – fullhlaðin af atburðum, t.d. á bls. 161 gerist ekki bara það að hann komi í þriðja sinn á Litla-Hraun, heldur verður hann faðir á sömu síðu og nýbokuð móðirin fer á Klepp, lokaða deild; þrír vinir hans af Njálsgötunni eru settir inn fyrir morð. Auk þess var annar félagi hans á sömu blaðsíðu settur inn fyrir annað morð, „sérlega gróft morð og rán.“ Sögunni lýkur á því að söguhetjan fer í meðferð á Silungapoll.

Einar Már Guðmundsson skrifaði skáldsöguna *Rimlar hugans – ástarsaga* – sem út kom árið 2007. Á baksíðu bókarinnar segir hann forsögu hennar

vera að hann fékk bréf frá manni sem sat í gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni. Í bréfinu sagði hann Einari Má sögu sína og hún varð kveikjan að bók hans – fanginn og unnusta hans gáfu honum innblástur eins og hann sagði í viðtali við Fréttablaðið 10. nóvember sama ár. Hér nýtur sagnakraftur höfundar sín vel og frásögnin nánast les sig sjálf. Hún er einlæg og á köflum krefjandi. Segja má að lýsingar á högum fanga og hugarheimi þeirra séu raunsæjar og ekkert er fegrað né dregið undan. Svo er kímnin og hlýjan aldrei langt undan. Samvinna höfundar og heimildarmanns hefur verið með ágætum - eða bara að höfundur unnið vel úr sínum heimildum. Útkoman er ljómandi góð bók og vekur lesendur til umhugsunar um aðstæður fanga og kjör.


Þjófur, fíkill, falsari – með undirtitlinum: *Sjálfsævisaga síbrotamanns*, er hreinskilningslegt nafn á lífssögu Guðbergs Guðmundssonar og kom hún út 2009. Þar eru athyglisverðar lýsingar á Litla-Hrauni frá árunum 1960-1980. Bók þessi er fjörmikil og farið er um víðan völl söguhetjunnar sem hefur frá mörgu að segja. Hann skefur ekki utan af hlutunum og margar lýsingarnar eru magnaðar og hreint ótrúlegar. Höfundur er greinilega góður frásagnamaður og saga hans rennur vel.

Blaðamennirnir Jakob Bjarnar Grétarsson og Þórarinn Þórarinsson skráðu sögu konu nokkurrar sem komst í kast við lögin og fékk fangelsisdóm – tæp fimm ár. Bókin byggðist að verulegu leyti á viðtölum við hana: *Hið dökka man – saga Catalínu*. Þegar bókin kom út árið 2010 sat viðmælandi þeirra í Kópavogsfangelsinu. Einn af nítján köflum bókarinnar segir frá fangelsisvist hennar og heitir: Hremmingar í fangelsinu. Lýsir hún vistinni með neikvæðum hætti og segir að sér líði eins og „fugli í búri“ (bls. 181). Lítið sé í boði í fangelsinu annað en að horfa á bíómyndir. Hún lendir í útistöðum við samfanga og er kveikt í herbergi hennar (sjá t.d. DV 17. nóvember 2010). Ekki sagðist hún finna fyrir kynþáttafordómum samfanga sinna. Sagði þó að stundum væru læti í fongunum og á sig hefði verið til dæmis ráðist með hníf. Starfsfólkinu ber hún vel söguna (bls. 188) en taldi reyndar vanta aðeins upp á agann í fangelsinu.

Lok skal getið í þessum flokki um bókina *Steinar er dæinn*, eftir Vigdís Stefánsdóttur. Bókin kom út árið 2001 og þar segir höfundurinn frá stuttri ævi sonar síns sem var ofvirkur og „rataði ekki rétta leið“ (eins og segir á bókarkápu). Hún segir frá kynnum þeirra foreldranna af fangelsunum þar sem sonur þeirra dvaldist. Segir frá ráðaleysinu gagnvart vanda ungmenna sem eru á villubraut. En yfir allri frásögninni er elska móðurinnar, hlýja og kjarkur, þar sem hún minnst sonar síns sem tók að lokum sitt eigið líf á Litla-Hrauni tæplega tvítugur að aldri (bls. 9).

Fangelsi skapar rithöfund

Ármann Reynisson er afkastamikill vinjettuhöfundur og eftir hann hafa komið út 14 vinjettubækur. Í einni þeirra, *Vinjettur XII*, útgefin 2012, fjallar hann í nokkrum vinjettum um reynslu sína af fangelsiskerfinu og vist á Kvíabryggju. Vistin þar verður hvorki meira né minna en til þess að vinjettuhöfundur fæðist. Við álfhól einn hjá fangelsinu þegar sólin skín hátt á lofti verður hann fyrir nokkurs konar vitrun og heyrir karlmannlega rödd segja við sig: „Ármann! Þú verður að skrifa sögur til þess að leiðrétta málin þín.“ (Bls. 85). Kvíabryggja á Snæfellsnesi er náttúruparadís í augum hans og hann skipuleggur dvöl sína vel með tilliti til andlegra iðkunar, bóklesturs og líkamsræktar. Samfangarnir eru ekki á „hans bylgjulengd“ en samskiptin við þá eru vingjarnleg. Líf samfanganna og reynsla þeirra fær hann til að klökkna vegna sinnar eigin gæfu sem hann jafnframt þakkar fyrir. Fangaverðir fá góða einkunn hjá honum. (Bls. 85). Hann segir fanga vera allra manna varnarlausasta gagnvart kerfinu og tekur dæmi af sjálfum sér þegar komið er að reynslulausn hans en þá dregur saksóknarinn fram gamalt mál upp úr skúffu. Höfundur bregst hart við, fer í hungurverkfall og hótar sjálfsmorði. „Kerfið“ gefst upp og eftir sólarhring fær hann lausn sinna mála og er frjáls maður. (Bls. 87). Ármann er gott dæmi um mann sem lét ekki kerfið buga sig. Hann er einn af þeim fáu sem verður rithöfundur vegna beinnar reynslu af fangelsiskerfinu. Þá virðist það hafa farið framhjá íslenskum bókmenntapáfum að Ármann kynnir



Vinjettuhöfundur varð óvænt til.

rækilega til sögunnar hér á landi nýja bókmenntagrein, *vinjettuformið* - eða endurvekur hana. Þeir þegja í það minnsta þunnu hljóði um það.


Klefabókmenntir: Á veggjum og borðum

Stundum kemur það fyrir að fangar setja hugsanir sínar í ljóð eða prósatexta og skrifa á klefavegginn eða borð. Nokkur þeirra eru full af söknuði og önnur rómantísk. Flest þeirra eru á köflum full af hatri út í fangelsið og kerfið; sum klámfengin. Stundum niðferskeytlur um fangaverði eða samfanga. Þessi bókmenntaafkimi – sem svo má kalla hann – er ekki stór og gjarnan falinn bak við hurð eða á öðrum stað sem hann blasir ekki við í fyrstu. Þessum skáldskap er ætlað að standa þar til næst verður málað. En allt er þetta tjáning fanga í fangelsiskerfinu og sérstakt bókmenntarannsóknarefni.

Íslendingar í fangelsum ytra

Loks má geta fangelsisfrásagna Íslendinga sem fengið hafa dóma í útlöndum og afplánað þar. *Dagbók frá Dubaí* eftir Flosa Arnórsson, stýrimann, er skrifuð í tveimur fangelsum í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Bókin kom út 2003. Hann var fangelsaður fyrir að flytja með sér skotvopn frá Íslandi og hlaut fjögurra mánaða dóm sem síðar var stytur í tvo en sat þó inni í þrjá mánuði. Lýsir hann skelfilegum fangelsum og sæmilegum.

Enginn má sjá mig gráta – Aron Pálmi – *Barn í fangelsi*, kom út 2005, eftir þá Jón Trausta Reynisson og Aron Pálma



Bókin *Erla, góða Erla*, vakti mikla athygli á sínum tíma.

Ágústsson. Þar er rakin saga Arons Pálma sem dæmdur var í tíu ára fangelsisvist í barna- og unglingafangelsum Texas-fylkis. Hann var fjórtán ára og vistin var misjöfn: „Verðirnir trufla mig skipulega. Stundum rjúfa þeir þögnina með skyndilegum öskrum inn um lúguna og stundum opna þeir lúguna þannig að birtan blindar mig og sprauta piparúða inn.“ (Bls. 201).

Þá kom út 2010 bókin *Brasilíufanginn*. Þar segir Jóhannes Kr. Kristjánsson sögu Karls Magnúsar Grönvold sem hlaut fjögurra ára dóm fyrir að smygla fíkniefnum til Brasilíu. Vistin í brasilískum fangelsum er afar slæm svo ekki sé meira sagt.

Til gamans skal getið um stutta frásögn manns sem var fangelsaður í útlöndum í nokkra daga fyrir misskilning: Í einu mesta meistarastykki íslenskra bókmennta, sjálfsævisögunni *Dægradvöl*, (útgefin 1965), eftir Benedikt Gröndal, náttúrufræðing, skáld og rithöfund, (1826-1907), segir hann frá því þegar honum var stungið inn í fangelsi fyrir misskilning í útlöndum. Benedikt skrifaði fjörmikinn og hispurslausan texta og snarpan. Atvikin höguðu því þannig til að eftir klausturvist með ævintýramanninum rússneska, Djunka, er Benedikt handtekinn á landamærum Þýskalands og Belgíu. Hann vissi enga sök upp á sig en fylgdi lögreglumanninum án þess að mögla. Í þorpi einu var honum stungið inn í „einhverja múraða hvelingu, dimma og fúla, þar voru

nokkrir menn inni og einhver rúm, ef svo skyldi kalla, og fann ég, að þetta mundi vera dýflissa.“ (Bls. 193). Honum var gefið að sök að hafa veitt mönnum kampavín á veitingahúsi án þess að greiða fyrir og horfið á braut. Hann var síðan leiddur inn í annað fangelsi: „Þar var fullt af óbótamönnum,... þeir töluðu margir við mig og sögðu mér frá því sem þeir höfðu gert...þeir þögðu ekki neinu um sjálfa sig, það var eins og þeim létti af að segja mér frá þessu.“ (Bls. 194). En Benedikt var sleppt enda var málið einn allsherjarmisskilningur. Benedikt segir að hann hafi ekki getað annað en fylgt þessum Djunka því hann var peningalaus og yfirgefinn af öllum auk þess „tilfinningalaus og í mínum eigin draumum.“ (Bls. 187).

Óbirtar frásagnir

Sumir fangar hafa eflaust ritað sögu sína og ætlað hana aðeins sjálfum sér eða þá nánustu fjölskyldu. Þær verða líklega seint eða aldrei birtar. Slík handrit liggja ekki á glámbekk en óvíst hvað verður af þeim síðar – sum glatast kannski en önnur verða kannski að bók.

Æviminningar fólks í fangahjálpi

Fangahjálpi tengist þessum flokki fangelsisbókmennta. Þar er um að ræða fólk sem hefur af hugsjón varið nokkrum hluta af lífi sínu til að leggja föngum og aðstandendum þeirra lið fyrir tíma félagsmálastofnana sveitarfélaganna. Óskar Clausen, eftir Þorstein Matthíasson, rekur sögu brautryðjanda í fangahjálpi og ber bókin nafn hans og kom út 1973. Fangahjálpi Óskars (1887-1980) var stofnuð 1949 og var að mestu virk til ársins 1980 er stofnandi hennar lést. Þóra Einarsdóttir lét frá sér minningabók árið 1989 og hét hún: *Af lífi og sál – Þóra Einarsdóttir í Vernd segir frá*. Fangahjálpin Vernd var stofnuð 1960 að frumkvæði Þóru (1913-2000). Hún sýndi einstaka elju og kraft í störfum sínum fyrir fanga og fjölskyldur þeirra á sínum tíma.

Þörf á rannsókn

Tekið skal fram að þetta er ekki tæmandi upptalning /fangelsisfrásagna né heldur fræðileg greining á bókum sem talist gætu til fangelsisbókmennta – hér eru

þau til dæmis ekki meðtalin sem úrskurðuð hafa verið ósakhæf en fengist við skriftir í vist á réttargeðdeild og síðar. En þessi grein getur kannski hreyft við einhverjum bókmenntafræðingi eða bókmenntafræðinemum að setjast niður og rannsaka þetta svið sérstaklega. Í þessari grein hefur til dæmis ekki verið hugað að skrifum fanga í blöð sem þeir hafa gefið út á umliðnum áratugum í fangelsum landsins. Nokkur gróska var á tímabili í slíkri útgáfu og þar mátti lesa ljóð og smásögur eftir fanga (Sjá Verndarblaðið: 2. tbl. 40. árg. 2010: Hreinn S. Hákonarson: Fangar gefa út blöð, bls. 12-14).

Hér hefur ekki heldur verið minnst á svo kallaðar helfarabókmenntir en þær tengjast fangelsisbókmenntum þótt þær teljist ekki til þeirra. Árið 1945 kom út bókin *Í fangabúðum nazista*, eftir Leif H. Muller - endurútgefin á þessu ári. Þar segir hann m.a. frá reynslu sinni af vist í norskum fangelsum og í Sachsenhausen fangabúðum. Frásögn hans er áhrifamikil og yfirveguð. Minningar Leifs: *Býr Íslendingur hér?* komu út 1988, Garðar Sverrisson, skráði.

Hvernig á að meta trúverðugleika frásagnanna?

Margar spurningar vakna upp eins og hvort lýsingar viðkomandi á fangelsum og fangelsislífi séu raunsæjar eða ýktar. Hver er kveikja þess að fólk tekur sig til og ritar bækur sem þessar? Upplýsing eða uppgjör? Hefndarhugur og afhjúpunarþörf? Hróp á að eitthvað þurfi að aðhafast í „fangelsiskerfinu“? Kalla þær á réttarfarsbætur? – réttlætið og dómskerfið fá oft óvægna gagnrýni í þessum bókum. Svo mætti lengi spyrja.

Fæstir segja frá því opinberlega að þeir hafi verið í fangelsi enda almennt ekki talið vegsauki. Sumar þjóðþekktar persónur komast ekki hjá því að um fangelsisvist þeirra sé rætt rati þær á annað borð inn fyrir dyr fangelsis. Það sama á við um persónur í umfangsmiklum sakamálum. Fæst þeirra sem hljóta dóma segja frá fangelsisvist sinni í bók eða á öðrum vettvangi. Þau fáu sem grípa til þess ráðs gera það til að koma sjónarhorni sínu á framfæri og vilja leiðrétta það sem þau telja ranglega með farið. Oft er um nokkurs konar varnarbókmenntir að

ræða – menn segja frá óréttlæti kerfisins og framkomu sem ekki er sæmandi. Dómurinn sem þeir hafa hlotið er ekki réttur og telja margt athugavert við rannsókn máls og réttarhald. Þannig mætti lengi telja. Það getur vafist fyrir fólki að taka mark á frásögnum þeirra sem dæmdir hafa verið. Fólk gengur alla jafna út frá því að dómstólar séu réttlátir

enda þótt það viti að þeim geti skjálast - málsmetandi menn (lögfræðingar og fyrrum dómarmenn) hafa þó stigið fram á ritvöllinn og gagnrýnt dómstóla harðlega. Lýsingar á aðbúnaði í fangelsum í fangelsisbókmenntum eru margs konar og flestar neikvæðar. Það sama er að segja um frásagnir af framkomu fanga- varða og annars starfsfólks. Þar skýtur í

tvö horn eins og gjarnan, hvort tveggja gott starfsfólk og slæmt. Nú telja margir að þeir sem setjast niður og skrifa bók um fangelsisvist sína séu jafnvel í hefndarhug. Ætli sér að afhjúpa kerfið og segja frá hvernig það varð fyrir barðinu á því. Það gætir á köflum tortryggni gagnvart slíkum frásögnum.

Nánari skoðun á dæmi um fangelsisbókmenntir

Í ljóðabókinni *Lífssorð* eftir Steinþór Jóhannsson (oft kallaður Kópavogsskáldið, f. 1954, d. 2014), sem kom út 2008, er þess getið á bls. 4 að bókin sé að mestu leyti skrifuð á eftirfarandi stöðum: „Borgarspítala deild B6, Skóla- vörðustíg 9, Kvennafangelsi, Vernd og á Hlaðgerðarkoti.“ Þetta er lítil og snotur ljóðabók en ekkert ljóðanna vísar sérstaklega til fangelsa. Alls komu átta bækur út eftir Steinþór. Ljóðin geyma endurminningar hans úr Kópavoginum, lífsreynslumyndir úr starfi og slarki, spekiyrði og kímimyndir, textinn er hvort tveggja í senn hlýr og kald- ranalegur. Síðasta bók Steinþórs heitir *Lífslöngun* með undirtitlinum: *Ljóð og smásögur*, og Óðinsauga útgáfa, gaf út árið 2014, nokkru eftir að hann lést. Daði Guðbjörnsson, myndlistarmaður, gerði kápumynd. Í þessari síðustu bók Steinþórs er vísað til reynslu af vist á Vernd og heitir ljóðið einfaldlega Á Vernd og er svo:

Kannski ef Klúbburinn enn væri nærri kætin væri ekki svo fjærri.

Vill nú samt svo vel til á Vernd minningar vakna því Klúbburinn var þar í grennd. (Bls. 53).

Klúbburinn var afar vinsælt veitinga- hús í Borgartúni á sjötta og áttunda áratug síðustu aldar - þar er nú Kabin-hótel.

Smásögur Steinþórs mætti alveg eins kalla örsögur eða vinjettur. Þær eru mjög knappar og gagnýrtar – engum orðum ofaukið.

Í þessari síðustu bók Steinþórs, *Lífslöngun*, er að finna eina smásögu sem heitir *Stjórn og starfsfólk Verndar*. Önnur smásaga heitir *Fanginn*, og gæti gerst í Hegningarhúsinu, og fjórar smásögur segja frá lífinu í fangelsinu sem var á Bitru í Flóahreppi en þar var um tíma rekið opið

fangelsi og síðar flutt að Sogni í Ölfusi. Ein þeirra Á Bitru yfir kvöldmatnum, er stutt og laggóð:

Ungi fanginn spurði. Gamli, varst þú ekki kvennamaður þegar þú varst yngri? Jú, það má segja að ég hafi ekki verið við eina fjölinna felldur. Ef þú veist hvað ég á við. Já, já, hvað er þetta maður. Ég veit að þú ert trésmiður. (Bls. 86).

Af samföngum á Bitru (tvö með sama nafni) og *Fundargerð frá húsfundi á Bitru*. Það eru meinhæðin og gagnrýnin ljóð á vistina á Bitru og Vernd. Eftirfarandi ljóð, *Fundargerðin*, segir sitthvað um fangana og fangaverðina – báðir gætu örugglega bætt sig:

Stráskyur, teskeið sett aftur í karið. Eftir að hafa verið notuð til að hræra í kaffi. Þá myndast köggull utan um skeiðina. Láta þetta ekki koma fyrir aftur. Pissudropar út fyrir klósett á gólf og veggi. Passa vel ekki hrista út um allt. Sitja við þessa iðju. Svo betur takist til. Hef jafnframt tekið eftir því að þegar salernispappír klárast á haldaranum er ekki sett ný rúlla. Hef oftsinnis þurft að setja nýja rúllu á haldarann. Þegar ég kem inn á salernið. Vil að hver taki til sín sem á og bæti hegðun sína að þessu leyti. Líka sex úppvaskaðir bollar á efri hæð. Ætti ekki að vera ofverkið ykkar að koma bollunum niður í eldhús hreinum. Þeir sem reykja á svölum og við útidyr eru vinsamlega beðnir um að nota stubbahúsin sem þar eru. Þrifa eftir sig óþverrann sem þar er nú. Verði því ekki sinnt leggst á algjört reykingabann hér. Tekið skal fram. Ef einhverjum líður illa hér er það alfarið hans mál. Dósaþjóðinn notuðum við til að kaupa nýtt þúllborð. Ekki kom fram hverjir þessir við erum né fjárreiður sjóðsins. Gert án samráðs við fanga. Ef þið kvartið yfir matnum verðið

þið sendir á Litla-Hraun fyrir agabrot. Þar sem þið getið eldað ofan í ykkur sjálfir. Fundi slitið.

Lífslöngun er skemmtileg ljóðabók og lætur engan ósnortinn. Höfundur er hispurslaus og hika ekki við að gagnrýna samferðamenn sína. Hann hlífir ekki heldur sjálfum sér og veit að hann er ekki barnanna bestur. En í ljóðum hans má líka finna hlýju og væntumþykju fyrir mönnunum og örlögum þeirra. Hann er ekki skoðanalaus og stendur með lítill- magnanum enda þótt hann sé líka mikill einstaklingshyggjumaður. Þegar litið er yfir ljóðasafn hans í heild, þessar átta bækur, á tæpum fjórutíu árum, þá sér maður hvað hann hefur verið að mörgu leyti fullmótað skáld með fyrstu bók sinni, *Hvert eru fætur þínir að fara?* og hann þá aðeins 21 árs gamall. Tónninn sem síðar átti eftir að óma úr skáldahörpu hans er þá þegar sleginn með ákveðnum hætti. Hvort tveggja ljóðminnið og hljómurinn eru svipuð og í seinni bókum hans en þó alltaf eitthvað nýtt og ferskt sem kemur á óvart. Þar eru mest áberandi prósatextar sem hann kallar smásögur en eru fremur örsögur eða vinjetturskýldar.

Sterkar kápumyndir prýða allar bækur hans og sumar þeirra voru myndskreyttar. Steinþór var húsgagna- og húsasmiður að mennt.

Ljóðabækur eftir Steinþór Jóhannsson, sem komu út á undan *Lífslöngun* voru: *Hvert eru þínir fætur að fara* (1975), *Óhnepptar tölur* (1976), *Verslað með mannorð* (1982), *Eigum við* (1992), *Samfella* (1995), *Eftirkeimur* (2001) og *Lífssorð* (2007).

Ljóðin í þessari grein eru birt með góðfúslegu leyfi útgefanda, Óðinsauga útgáfa, og ættingja skáldsins.

Sögumolinn – úr bréfi frá 3. júlí 1960:

Hvað skyldi hafa breyst og hvað ekki? Finnið út úr því og ræðið!

„Rétt er að geta þess, þegar rætt er um vinnu fanga, að venjulega skortir mikið á það, sem við nefnum vinnugleði, vinnan þar af leiðandi minni að vöxtum og gæðum. Þó eru alltaf til heiðarlegar undantekningar, sérstaklega, ef tekist hefur að finna starf við hæfi fangans. Þess vegna myndi vera hagkvæmt, ef möguleikar væru fyrir hendi, að skapa hér sem mesta fjölbreytni um störf og vinnutilhögun. Sú staðreynd er okkur ljós, sem fengist höfum við fangagæsluna, að þess betur, sem tekst til með verkefni fyrir þá, þess minna reynir á um gæsluna. Flestir þeir menn, sem hér dvelja sem fangar, eru ungir menn fullir lífsþrótti og innibyrðri athafnaþrá. Allt veltur því á, að starfsorka þessara manna nýtist til hollra og heilbrigðra starfa, því annars er hætta á að athafnaleysið leiði til ýmsra spellvirkja. Ef meira

húsrými væri fyrir hendi, kæmi mjög til athugunar, hvort ekki myndi hagkvæmt, að fangar iðkuðuð leikfimi daglega, því staðreynd er, að ýmsar íþróttir eiga miklu fylgi að fagna í þeirra hóp. Má þar nefna knattspyrnu, sem mjög er iðkuð hér, þrátt fyrir lélegan knattspyrnuvöll. Þá eru líka alltaf nokkrir, sem æfa köst og stökk, af miklum krafti. En algengasta dægradvölin, eða tómstundaiðjan, er tafl og spil. Allmargir fangar hafa fengist við að mála í tómstundum sínum. Aðrir smíða og skreyta kassa og hillur með kuðungum og skeljum og hafa af slíku nokkrar tekjur, auk ánægjunnar af að hafa skapað dálítið listaverk. Nokkrir hafa varið tómstundum sínum til náms í bréfaskólum, þar hefur þátttaka þó aldrei orðið almenn og úthald skort til þess, að viðkomandi næði verulegum árangri. Bókasafn er hér nokkurt, sem fangar nota mikið, sérstaklega



Fangaklefi á Litla-Hrauni um svipað leyti og bréfið er skrifað. Mynd: Þjóðminjasafn Íslands. (Tíminn, Jón Hákon Magnússon 153-16).

að vetrinum, þó eru og hafa verið hér fangar, sem líta aldrei í bók svo vitað sé. Að sjálfsgöðu væri það mjög æskilegt, ef fangar ættu þess kost að njóta nokkurrar kennslu eða tilsagnar í verklegum og bóklegum efnum.“

Litla-Hrauni 3. júlí 1960.

Helgi Vigfússon, forstjóri Vinnuhælisins, ritar undir.

Heimild: ÞÍ. Stj.r. Í. I. Db. 9, nr. 441-453 (92).

Enn minnt á Fangelsisminjasafnið

Í þriðja sinn minnir VERNDARBLAÐIÐ á Fangelsisminjasafnið sem tímabært er að koma upp. Eins og kunnugt er var Kópavogsfangelsinu lokað nú í sumar og síðar verður Hegningarhúsinu einnig lokað þegar Hólmsheiðarfangelsið verður tekið í notkun. Mikilvægt er að halda vöku sinni og taka frá þá hluti úr þessum fangelsum sem heima ættu í Fangelsisminjasafni. Ólíklegustu hlutir geta orðið að dýrmætum safngripum – því má aldrei gleyma!

VERNDARBLAÐIÐ hefur bent á Eyrarbakka sem heppilegan stað fyrir Fangelsisminjasafn. Þarf ekki að rökstyðja það frekar en að benda á Litla-Hraun. Eyrarbakki er líka að marka sér bás sem vaxandi safnastaður á Suðurlandi og síðasta safnið sem til stendur að koma upp á Bakkanum er Prentsögusetur en stofnfundur þess var haldinn í febrúarmánuði s.l.

Á Eyrarbakka eru þessi söfn fyrir:

Bygðasafn Árnesinga, Sjóðminjasafnið og Konubókasafn. Ekki langt undan á Stokkseyri er að finna Þuríðarbrú og Rjórnabúið á Baugsstöðum.

VERNDARBLAÐIÐ biður nú sveitastjórnarmenn í Árborg um að taka á sig rögg og sömuleiðis aðra þá sem málið er skylt, og huga að þessu verkefni áður en það verður of seint. Þegar safni er komið upp þarf að hyggja að mörgu og hafa tímann fyrir sér. Kalla til skrafs og ráðagerða þau sem þekkja til málsins og hafa safnmenntun og reynslu af þeim vettvangi. Mikilvægt er finna safninu góðan stað á Eyrarbakka og tryggja fjármögnun. Fangelsisminjasöfn víða í Evrópu draga að sér fjölda fólks og það ætti að vera akkur fyrir Árborg að geta bent á fjölda menningarlegra safna í sínu umdæmi. Í lokin skal áhugasömum bent á flottan vef um danska fangelsissögu: <http://faengselshistorie.dk/> Þá er og hér gagnvirkur vefur: <http://www.faengslet2.dk/>



Fangaklefhurð úr Austurstræti 22 í Reykjavík. Þar var fangelsi 1828-1879. Hurðin er í eigu Þjóðminjasafns Íslands. Mynd: Hreinn S. Hákonarson.

Barnakot



Heimsóknaraðstaða fyrir börn.

Í fyrri var útbúin heimsóknaraðstaða á Litla-Hrauni fyrir börn fanga. Gámi var komið fyrir á bifreiðastæðinu fyrir utan fangelsið. Allt umhverfi hans var fegrað og leiktækjum komið fyrir. Í kringum gáminn var girt með hlylegri timburgirðingu. Með þessu var úr sögunni leigð heimsóknaraðstaða fyrir börn fanga í sumarbústöðum á Selfossi og Stokkseyri. Hugsunin með þessari heimsóknaraðstöðu sem hlotið hefur nafnið *Barnakot* er sú að börnin fari aldrei inn í fangelsið.

Þessi aðstaða hefur mælst mjög vel fyrir meðal fanga og aðstandenda þeirra og er ótvírætt framfaraspor.

Samstarfsmanni Verndar þakkað fyrir góða samvinnu

Á vordögum lét Erlendur S. Baldursson, afbrotafræðingur, af störfum hjá Fangelsismálastofnun ríkisins. Erlendur hafði starfað í rúm þrjátíu ár að verkefnum sem tengdust málum fanga og fangelsa. Hann var þeim málaflokki gerkunnugastur allra manna og ætíð var gott að leita ráða hjá honum. Hann var fyrir rúmum tveimur áratugum í fararbroddi ásamt þáverandi fangelsismálastjóra, Haraldi Johannessen, í því að koma á formlegu samstarfi milli Verndar og Fangelsismálastofnunar sem fólst í því að fangar gætu lokið hluta afplánunar á áfangaheimili Verndar. Fangahjálpin Vernd þakkar Erlendi fyrir góða samvinnu og lipra. Honum er óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi eftirlaunaþegans.



Þráinn Bj. Farestveit (t.v.) afhendir Erlendi S. Baldurssyni, afbrotafræðingi, gjöf frá Vernd fyrir gott samstarf.

Kópavogsfangelsinu lokað

Á vordögum var fangelsinu í Kópavogi lokað. Það var tekið formlega í notkun á vordögum 1989 og hafði því starfað í 26 ár þegar skellt var í lás. Fangelsið gat hýst tólf fanga. Áður hafði Unglingaheimili Ríkisins verið rekið í húsinu og kom fyrir að fangar sem vistaðir voru í Kópavogsfangelsinu höfðu dvalist þar áður og þá sem vistmenn Unglingaheimilisins. Kópavogsfangelsið var gjarnan kallað Kvennafangelsið en þar afplánuðu konur dóma sína. En sjaldan náðu konur að fylla þau fangarými sem Kópavogsfangelsið hafði upp á að bjóða og því voru karlmenn látnir líka afplána þar. Konur eru nú vistaðar tímabundið í fangelsinu á Akureyri og bíða hins nýja Hólmsheiðarfangelsis.



Kópavogsfangelsið, Kópavogsbraut 17.

Prófessor Nils Christie látinn

Hinn kunni norski afbrotafræðingur, Nils Christie, (1928-2015), lést í maímánuði síðastliðnum, 87 ára að aldri. Hann var prófessor við lagadeild háskólans í Ósló frá árinu 1966. Nils varð heimsfrægur á vettvangi félagsfræða og fangelsa með bókunum *Pinens begrensning* (1981); *Den gode fiende: Narkotikapolitikk i Norden* (ásamt Kettil Bruun, 1985) og *Kriminalitetskontrol som industri: På vej mod GULAG, vestlig stil?* (1996). Þessar bækur ættu að vera skyldulesning allra þeirra sem koma að málefnum fanga og fangelsa.



Nils Christie.

VERND ÞAKKAR STUÐNINGINN

Aðalblikk ehf

Vagnhöfða 19, 112 Reykjavík

Aðalvík ehf

Ármúla 15, 108 Reykjavík

Akra Guesthouse

Skagabraut 4, 300 Akranes

Alþýðusamband Ísland

Guðrúnarstíg 1, 105 Reykjavík

Antikkubúðin

Strandgötu 24, 220 Hafnarfjörður

Apollon ehf

Borgartúni 28, 105 Reykjavík

Asco ehf

Glerárgötu 34b, 500 Staður

Ágúst J. Gunnarsson

Reykjavíkurvegi 6, 220 Hafnarfjörður

Árbæjarapótek

Hraunbæ 102b, 110 Reykjavík

Árni Valdimarsson

Akri 861, Hvolsvöllur

Árvík hf

Garðatorgi 3, 210 Garðabær

Ás fasteignasala

Fjarðargötu 17, 220 Hafnarfjörður

Ásprent prentsmiðja

Glerárgötu 28, 600 Akureyri

Baldur Jónsson

Grænahjalla 25, 200 Kópavogur

Barki ehf

Nýbýlavegi 22, 200 Kópavogur

Betra Brauð

Fjölnisgötu 4, 603 Akureyri

Betra Líf

Kringlunni 4-6, 103 Reykjavík

Bifreiðaverkstæði Auðuns

Smiðjuvegi 2, 200 Kópavogur

Bifreiðaverkstæði Bjarnhédins

Fjölnisgötu 2a, 603 Akureyri

Bifreiðaverkstæðið Baugsbót

Frostagötu 1b, 603 Akureyri

Bitakat Breiðamýri

225 Bessastaðahreppur

Bilaborg.is

Smíðshöfða 17, 110 Reykjavík

Bilalökkun.is

Smiðjuvegi 64, 200 Kópavogur

Bilasmíðurinn

Bíldshöfða 16, 112 Reykjavík

Bilver

Innnesvegi 1, 300 Akranes

Björg

Bugðusiða 1, 603 Akureyri

Bjarni Einarsson

Fjarðargötu 49, 470 Þingeyri

Bjarni S. Hákonarsson

Haga 451 Patreksfjörður

Bláðamannafélag Íslands

Síðumúla 23, 108 Reykjavík

Blikksmiðjan Vík

Skemmuvegi 42, 200 Kópavogur

Bolungarvíkurkaupstaður

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík

Bortækni ehf

Tangarhöfða 6, 112 Reykjavík

Bókhalds og tölvupjónustan

Böðvarsgötu 11, 310 Borgarnes

Bókhaldspjónustan

Reynivöllum, 700 Egilsstaðir

Bókhaldspjónustan Viðihlið

Viðihlið 10, 550 Sauðárkrúkur

Bókrað

Miðvangi 2-6, 700 Egilsstaðir

Bóksafn Garðabæjar

Garðatorgi 7, 210 Garðabær

Bókvit ehf

Víkurbraut 46, 240 Grindavík

Brammer Ísland

Steinhellu 17a, 221 Hafnarfjörður

Brauðhúsið ehf

Efstaleiti 26, 108 Reykjavík

Breiðavík/Látrabjörg

Breiðavík 451 Patreksfjörður

Bruggsmiðjan

Árskógarsandi 621 Dalvík

BSA Varahlutir

Smiðjuvegi 4, 200 Kópavogur

BSRB

Grettisgötu 89, 105 Reykjavík

Búnaðarsamband

Húnaubaut 13 530 Hvammsgangi

Byggðapjónustan Box

97 202 Kópavogur

Dalakofinn

Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfjörður

Dalverk

Hafnarbraut 620 Dalvík

DJ Grill

Strandgötu 1, 1 600 Akureyri

DMM Lausnir

Íðavöllum 9b, 230 Keflavík

Duggar elf

Hjallavegi 5, 430 Suðureyri

Dýralæknirinn

Ásvegi 31, 760 Breiðdalsvík

Efling

Guðrúnarstíg 1, 105 Reykjavík

Efnalaugin Glæsir

Bæjarhrauni 4, 220 Hafnarfjörður

Efnamóttakan

Gufunesi 112 Reykjavík

Eignamiðlun ehf

Síðumúla 21, 108 Reykjavík

Eldhestar ehf

Völlum, 810 Hveragerði

Elliheimilið Grund

Hringbraut 6, 107 Reykjavík

FAB Travel

Hæðarlundi 68, 600 Akureyri

Farice hf

Smáratorg 3, 201 Kópavogur

Faxaflóahafnir

Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Ferskfiskur

Bæjarhrauni 8, 220 Hafnarfjörður

Félagsbúð Fagurhlíð

Fagurhlíð, 880 Kirkjubæjarklaustur

Fiskubúðin

Smiðjuvegi 6, 200 Kópavogur

Finpússning

Rauðhelli 13, 221 Hafnarfjörður

Fjarðarþríf

Strandgötu 46c, 735 Eskifjörður

Fjölás

Borgartúni 20, 105 Reykjavík

Fjöruborðið

Eyrarbraut 3a, 825 Stokkseyri

Flutningastöðin Borgarnesi

Engjaósi 1, 310 Borgarnes

Fræðslumiðstöðin

Suðurgötu 12, 400 Ísafjörður

Gamlí Baukur

Hafnarstétt 9, 640 Húsavík

Garðsapótek

Sogavegi 108, 108 Reykjavík

Garður fasteignasala

Skipholti 5, 105 Reykjavík

Garður sveitafélag

Melbraut 3, 250 Garður

Garðúðun Meindýraeyðir

Reykjavíkurvegi 5, 220 Hafnarfjörður

Gistiheimilið Urðarstekk

Urðarstekk 12, 104 Reykjavík

Gistiús Hestaferðir

Ámesi 5, 750 Fáskrúðsfjörður

Gjögur

Kringlunni 7, 103 Reykjavík

Gjörvi

Grandagerði 18, 101 Reykjavík

Glæðir blómaaburður

Hellisbraut 18, 380 Króksfjarðarnes

Go Fishing Iceland

Freyjugata 38, 101 Reykjavík

GP Arkitektar

Austurstræti 6, 101 Reykjavík

Gróðrastöðin Réttarholti

Svalbarðseyri 601 Akureyri

Gróðravan

Gautsald 380 Króksfjarðarnes

Gullberg hf

Langatanga 5, 710 Seyðisfjörður

Gullsmíðurinn í Mjódd

Álfabakka 14, 109 Reykjavík

Gæðasmiði ehf

Stífluseli 4, 109 Reykjavík

Hafgæði

Fiskislöð 28, 101 Reykjavík

Hagall ehf

Box 1166, 121 Reykjavík

Hagblikk ehf

Smiðjuvegi 4c, 200 Kópavogur

Hamraborg

Hafnarstræti 7, 400 Ísafjörður

Haraldur Jónsson

Ásbrandsstöðum 690 Vopnafjörður

Haugen Crypper

Skútuvogi 17, 104 Reykjavík

Hárstofa Viktors

Vestmannaubraut, 900 Vestmannaeyjar

Hegningarhúsið

Skólavörðustíg, 101 Reykjavík

Helga Bjarnadóttir

Holtaseli, 781 Höfn í Hornafirði

Henson Sport

Brautarholti 8, 105 Reykjavík

Herrafataverslun Birgis

Fákafeni 11, 108 Reykjavík

Héraðsbókasafn

Vallarbraut 16, 860 Hvolsvöllur

Héraðssjóður

Hátúni 13, 735 Eskifjörður

Hibylamálun ehf

Reynihólum 4, 620 Dalvík

Hóperðabílar Víkings

Sævangi 11, 220 Hafnarfjörður

Hótel Djúpvík

Árneshreppi 524 Norðurfjörður

Hótel Frón ehf

Laugavegi 22a, 101 Reykjavík

Hreinir Garðar ehf

111 Reykjavík

Höfðakaffi ehf

Vagnhöfða 11, 112 Reykjavík

Höfðaskóli

545 Skagatrönd

Hörður V. Sigmarsson

Reykjavíkurvegi 66, 220 Hafnarfjörður

Hörðuvallaskóli

Baugakór 38, 203 Kópavogur

Ican ehf

Fornubúð 5, 220 Hafnarfjörður

Ísfélag Vestmannaeyja

Strandvegi 28, 900 Vestmannaeyjar

Ísgát ehf

Austurhrauni 2, 600 Akureyri

Íslandsspil

Smiðjuvegi 11a, 200 Kópavogur

Íslensk endurskoðun

Bogahlið 4, 105 Reykjavík

Íslenska Gámafélagið

Gufunesi, 112 Reykjavík

Íslenskir endurskoðendur

Bæjarhrauni 8, 220 Hafnarfjörður

Íspan

Smiðjuvegi 7, 200 Kópavogur

Íþróttamiðstöð Glerárskóla

V/Höfðahlíð 603 Akureyri

Jakob og Valgeir

Grundarstíg 5, 415 Bolungarvík

Kaupfélag Skagfirðinga

Ártorgi 1, 550 Sauðárkrúkur

Klausturkaffi

Skriðuklaustri, 701 Egilsstaðir

Knattspyrnufélagið á Akranesi

Jaðarbökkum, 300 Akranes

Kor ehf

Eyrartröð, 220 Hafnarfjörður

KSÍ

Laugardal, 104 Reykjavík

Kvítabankinn

Heiðarlundi 1, 210 Garðabær

Lagnalagerinn

Fosshálsi 27, 110 Reykjavík

Lilja Baoutigue

Strandgötu 21, 220 Hafnarfjörður

Litir og Föndur

Skólavörðustíg 12 101 Reykjavík

Litla Kaffistofan

Svínahrauni, 810 Hveragerði

Löndun ehf

Kjalarvogi 21, 101 Reykjavík

M2 fasteignasala

Hólmgarði 2c, 230 Keflavík

Markus Lifenet

Hvaleyrarbraut 3, 220 Hafnarfjörður


Mekka Wine and Spirits

Köllunarklettsvegi 2, 104 Reykjavík

Mosfellsbær

Krökabyggð 2, 270 Mosfellsbær

Nesbrú ehf





GJÖF SEM GEFUR

„Elsku systir, þú hefur gefið fjölskyldu í Afríku vatnsbrunn“.

Með gjafabréfi á gjofsemgefur.is geturðu styrkt bágstadda fjölskyldu á Íslandi eða erlendis um nauðsynjar. Gefðu frumlega og skemmtilega gjöf sem getur breytt miklu fyrir fólk sem þarf á aðstoð að halda.